



Skýringar og upplifun almennings á efnahagshruninu árin 2008 til 2009

Tengsl reiði, trúar á réttlátan heim og réttlætningar kerfisins við
upplifun og skýringar á efnahagshruninu

Karen Erla Karólínudóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórn málafræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Skýringar og upplifun almennings á efnahagshruninu árin 2008 til 2009
*Tengsl reiði, trúar á réttlátan heim og réttlætningar kerfisins við upplifun og
skýringar á efnahagshruninu*

Karen Erla Karólínudóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórn málafræði

Leiðbeinandi: Dr. Hulda Þórisdóttir

Stjórn málafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Karen Erla Karólínudóttir 2012

Reykjavík, Ísland 2012

Útdráttur

Efnahagshrunið sem varð á Íslandi árin 2008 og 2009 hefur haft víðtæk áhrif á samfélagið. Hér er leitast við að svara því hvernig fólk upplifir efnahagshrunið og hvaða skýringar það gefur á orsökum þess. Þá er athugað hvar fólk telur sök á efnahagshruninu liggja og hvort það trúir að þeir sem eigi sök á efnahagshruninu verði sakfelldir. Farið er í spor Leiser, Bourgeois-Gironde og Benita (2010) sem skoðuðu hvort fólk vísar til mannlegra eða kerfislægra þátta þegar það skýrir efnahagshrunið. Spurningalisti þeirra var lagður fyrir og skoðað hvernig þáttabygging skýringa á efnahagshruninu er á Íslandi í samanburði við þeirra niðurstöður. Þá er spurt sérstaklega um sök og sakfellingu og athugað hvernig skýringar og upplifun á efnahagshruninu standa í sambandi við sálfræðilegar kenningar um upplifun á reiði, trú á réttlátan heim (e. belief in a just world) og réttlætingu kerfisins (e. system justification). Notast er við þáttagreiningu, aðhvarfsgreiningu, miðlunargreiningu og fylgnisambönd. Niðurstöður sýna að þeir sem trúa á réttlátan heim hafa meiri trú á að þeir sem ollu bankahruninu verði sakfelldir og eru bjartsýnni á horfur í efnahagslífinu. Þeir sem verja kerfið eru ólíklegri til að telja siðferðisbresti, heimsku, stjórnámálamenn og útrásarvíkinga hafa átt þátt í efnahagshruninu. Þeir sem segjast upplifa reiði eru aftur á móti líklegri til að telja þessa þætti eiga þátt í efnahagshruninu. Þá minnkar samband reiði við sök siðferðisbresta þegar tekið er tillit til réttlætingar kerfisins.

Efnisyfirlit

Útdráttur	4
Rannsóknarskýrsla Alþingis.....	7
Stjórn mála- og embættismenn	9
Almenningur	10
Reiði	11
Trú á réttlátan heim	13
Réttlætning kerfisins	14
Aðferð	17
Þátttakendur og framkvæmd.....	17
Mælitæki	17
Niðurstöður	19
Umræða	28
Heimildir	37
Viðauki 1	41
Viðauki 2	48

„Okkar stærsta sök er að vera hluti af íslensku samfélagi sem trúði þessu og var í ákveðnu meðvitundarleysi.“

Svo er haft eftir Jóni Kaldal, ritstjóra Fréttablaðsins, úr skýrslu hans fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 29. júlí 2009. Þar vísar hann í þátt fjölmiðla í efnahagshruninu sem varð á Íslandi árin 2008 til 2009. Eftir hrunið beindust spjótin í allar áttir og margir þrúftu að svara fyrir gjörðir sínar í aðdraganda efnahagshrunsins. Trúin á uppgang íslenska efnahagslífsins hafði lifað alveg fram að falli bankanna í lok október árið 2008 og samfélagið allt stóð á öndinni yfir því hvernig góðærið hafði snúist upp í andstæðu sína.

Efnahagskreppur eru atburðir sem hafa víðtæk áhrif á mannlegt samfélag og afleiðingar þeirra snerta persónulega hagi fólks. Til að mynda er atvinnuleysi dæmigerð afleiðing efnahagskreppu (Mankiw og Taylor, 2008). Ekki hefur mikið verið rannsakað hvaða sálrænu áhrif efnahagskreppur hafa á fólk en þó er vitað að ógnun á atvinnuöryggi og fleiri atvinnutengdum þáttum getur kallað fram streitu, kvíða og reiði (Brown, Zijlstra og Lyons, 2006). Þá hefur verið sýnt fram á að upplifun á efnahagslegum missi hefur sterka jákvæða fylgni við kvíða og reiði (Ünal-Karagüven, 2009). Leiser, Bourgeois-Gironde og Benita (2010) skoðuðu upplifun almennings í Frakklandi, Bandaríkjunum, Rússlandi, Þýskalandi, Ísrael og Afríku fyrir sunnan Sahara á undirliggjandi orsökum efnahagsþrenginganna sem urðu víða í heiminum á árunum 2008 til 2009. Voru niðurstöður þeirra að fólk hefur tilhneigingu til að vísa annað hvort til mannlegra eiginleika eins og heimsku og siðferðisbrests eða kerfislegra þátta eins og hringrásar þenslu og samdráttar efnahagskerfa, þegar það skýrir efnahagsþrengingar. Þannig vísar það annars vegar til þess að orsakana megi leita í þáttum sem eru á mannlegu valdi þar sem einstaklingar beita valdi sínu og bera því ábyrgð. Hins vegar til kerfislægra þátta sem ekki eru undir stjórn og því liggur sökin ekki hjá einstaklingum, stjórnámálönnum eða öðrum gerendum í efnahagskerfinu. Með þessu rannsóknarverkefni er reynt að grafast fyrir um hvernig fólk upplifir og skýrir efnahagshrunið á Íslandi. Farið verður í spor Leiser og félaga og spurningar þeirra lagðar fyrir og athugað hvort út koma sömu þættir hér á landi og fengust úr þeirra rannsókn. Þá verður sjónum beint að því hvort fólk segist upplifa reiði þegar það hugsar um efnahagshrunið og hvort að reiðin tengist því hvar fólk telur sök á efnahagshruninu liggja. Einnig verður athugað hvort trú á réttlátan heim og réttlætning kerfisins tengist hvar fólk telur sökina liggja.

Rannsóknarskýrsla Alþingis

Þann 12. apríl árið 2010 var haldinn blaðamannafundur þar sem Rannsóknarnefnd Alþingis (RNA) kynnti helstu niðurstöður sínar. Nefndin starfaði samkvæmt lögum nr. 142 / 2008 um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna í október 2008 og tengdra atburða. Hlutverk rannsóknarnefndarinnar var meðal annars að leggja mat á hvort um vanrækslu eða mistök hafi verið að ræða við lagasetningu og eftirlit með fjármálastarfsemi á Íslandi og hverjir bæru þá ábyrgð (Lög nr. 142 / 2008). Loksins var skýrslan komin út en beðið hafði verið eftir henni í eitt og hálf ár og ítrekað hafði útgáfu hennar verið frestað (Mbl.is, 2009; 2010). Rannsóknarnefndin hafði fengið nokkuð víðar heimildir til að kalla fólk til yfirheyrslu en alls voru um það bil 150 einstaklingar yfirheyrðir (Rannsóknarskýrsla Alþingis, 2010. 9. bindi). Skýrslan er í níu bindum og þar má finna rökstuðning fyrir því hvernig nærri allir þeir sem komu nálægt íslenska hagkerfinu á árunum fyrir efnahagshrunið áttu þátt í því að hrunið varð. Farið var í gegnum hagsögu Íslands, fjallað um efnahagslegt umhverfi, verðbréfa- og gjaldeyrismarkaði, löggjöf, eftirlit og einkavæðingu bankanna. Þá var fjallað um atburðarás efnahagshrunsins og tiltekið hvernig gerendur brugðust rangt við eða brugðust alls ekki við. Fjallað var um hvernig bankarnir tóku til við að þenja efnahagskerfið út eftir einkavæðingu þeirra og hvernig þeir stóðu að útrásinni svokölluðu en Íslendingar gerðust stórtækir á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og var sá gjörningur kallaður útrás. Fjallað var um verðbréfa- og fjárfestingasjóði, hlutverk endurskoðenda og viðskiptasiðferði. Þá var fjallað um hlut stjórnámálmanna og forseta Íslands. Hlutur eftirlitsstofnana eins og Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins var tekinn fyrir og embættismanna sem gegndu þar embætti. Gerð var grein fyrir þætti annarra embættismanna stjórnsýslunnar, fjölmiðla, háskólasamfélagsins og almennings. Niðurstaða RNA var sú í grófum dráttum að allir bæru sök á efnahagshruninu. Þegar aftur á móti er gengið á þessa aðila kannast enginn við að bera ábyrgð á efnahagshruninu. Þeir sem höfðu völd til að taka fyrir alvöru þátt í efnahagslífinu leggja mikla áherslu á að þeir hafi engin lög brotið og ábyrgð liggja hjá einhverjum öðrum en þeim sjálfum (Rannsóknarskýrsla Alþingis, 2010). Almennigur situr eftir með sárt ennið og þarf að reka ríki sem fékk

efnahagskerfið allt í fangið og greiða fyrir efnahagshrunið með hærri sköttum. Fróðlegt er að vita hvort almenningur telur stjórn mála- og embættismenn eiga meiri sök á efnahagshruninu en aðrir gerendur í efnahagskerfinu.

Við fall Glitnis og opinbert hrun efnahagskerfisins með ræðu Geirs H. Haarde í sjónvarpinu þann 6. október 2008 reis upp mikil alda mótmæla gegn ríkisvaldinu sem stóð fram að falli ríkisstjórnarinnar í apríl 2009 (Guðni Th. Jóhannesson, 2009). Þar sýndi almenningur reiði sína með því að hrópa og berja potta og pönnur og hafa mótmælin hlotið nafnið „búsáholdabyltingin“. Við lok ársins 2008 horfði íslenskur almenningur framan í heiminn í algerrri óvissu um það sem koma skyldi. Þeir sem ekki stóðu vaktina við Alþingishúsið fylgdust með átökunum í fréttum og smám saman var hulunni svipt af hinum frækna framgangi útrásarvíkinga. Uppgangi íslenska efnahagslífsins var lokið og til að bæta gráu ofan á svart voru Íslendingar komnir í milliríkjadeilu, svokallaða Icesave deilu, um innstæður í bönkum í Bretlandi og Hollandi. Icesavemálið fyllti fréttatíma í marga mánuði. Deilt var um hvar ábyrgð á innstæðunum lægi og hér á landi var tekist á um hvort samningar sem stjórnvöld gerðu væru viðunandi og var farið fram á það við almenning að hann kysi um lög sem voru sett til að reyna að leysa deiluna (Kosningavefur innanríkisráðuneytisins, 2011).

Útrásarvíkingar

Þann 21. mars 2012 komu fram um það bil tvö hundruð þúsund niðurstöður þegar orðið „útrásarvíkingar“ var slegið inn í leitarvél Google. Er það notað sem samheiti yfir alla þá gerendur sem komu að efnahagshruninu og hugðu á vinninga á alþjóðamarkaði. Orðið hefur skýr tengsl við efnahagshrunið og nær vel utan um gerendur í hagkerfinu sem ekki eru stjórn mála- eða embættismenn. Þá er ekki aðeins átt við eigendur bankanna heldur líka aðra menn í viðskiptum sem högnuðust mjög á árunum fyrir efnahagshrunið eins og Hannes Smárason fyrrverandi forstjóra FL Group og Karl Wernersson. Rannsókn á sakhæfu athæfi manna í viðskiptum stendur enn yfir og ekki við hæfi að nafngreina einstaka menn eða velta vöngum yfir sök einstaklinga. Því verður hér fjallað um útrásarvíkinga með öllum þeim gildishlaðna merkingarauka sem þeir kunna að hafa í hugum fólks. Samkvæmt lögum númer 135 frá árinu 2008 skal embætti sérstaks saksóknara fara með rannsókn á meintu sakhæfu athæfi í tengslum við efnahagshrunið (Lög nr. 135/2008). Stendur sú

rannsókn enn yfir. Stærstu gerendur í hagkerfinu hafa ekki sagt opinberlega að þeir hafi átt þátt í efnahagshruninu. Við fall Glitnis komst til að mynda eigandi bankans svo að orði að um stærsta bankarán Íslandssögunnar hefði verið að ræða og átti þá við að yfirtaka ríkisins á bankanum hefði verið ólöglegt og óréttmæt (Fréttablaðið, 2008). Við þingfestingu máls sérstaks saksóknara á hendur tveggja starfsmanna Glitnis í janúar árið 2012 neituðu báðir sök og mættu ekki við þingfestinguna (Rúv.is, 2012). Í rannsóknarskýrslu Alþingis eru þó tiltekin ýmis mál sem þykir ástæða til að rannsaka betur af embætti sérstaks saksóknara. Flest snúa að markaðsmisnotkun, óeðlilegum eignatengslum og lánum til félaga í eigu eigenda bankanna (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010, 7. bindi). Eins og áður sagði stendur rannsókn enn yfir enda ekki ætlunin hér að skera úr um í sekt eða sakleysi útrásarvíkinga.

Stjórn mála- og embættismenn

Stjórnskipun á Íslandi byggir á nokkuð vel afmörkuðum valdastrúktúr þar sem valdi fylgir ábyrgð. Lög um ráðherraábyrgð byggja þannig á grein stjórnarskrárinnar um að ráðherrar beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum (Lög nr. 4/1963, 14. grein). Niðurstöður Rannsóknarskýrslu Alþingis voru þær að ábyrgðarkeðja stigveldisins hafi slitnað í hverjum hlekk og viðbrögð stjórn mála- og embættismanna einkenndust af aðgerðarleysi. Boðleiðir virkuðu ekki sem skyldi og upplýsingar komust illa til skila. Þegar þær gerðu það voru þær oft túlkaðar sem um óformlegar samræður væru að ræða. Þá var því haldið fram að það væri í verkahring einhvers annars að bregðast við. Í þeirri hröðu atburarás þegar neyðarlögin voru unnin voru ekki gerðar fundargerðir og það jafnvel látið hjá líða að boða alla þá á fund sem báru ábyrgð á þeim málaflokkum sem til umræðu voru. Persónuleg tengsl fengu um of að hafa áhrif á vinnubrögð þar sem til að mynda stjórn málaferill eins seðlabankastjóra skapaði tortryggni og truflaði upplýsingaflæði og hvernig upplýsingar voru túlkaðar (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010, 8. bindi). Rannsóknarnefndin lagði ekki þann skilning í lög um rannsókn á falli bankanna að mat hennar á störfum ráðherra væri sambærilegt við mat samkvæmt ákvæðum laga um ráðherraábyrgð. Því var niðurstöðum nefndarinnar vísað til meðferðar Alþingis. Nefndin lagði þó til að Alþingi fjallaði um hlut stjórn mála- og embættismanna og fengu alls 12 einstaklingar

tilkynningu þess efnis og tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum vegna aðkomu sinnar að atburðarásinni. Enginn þeirra gekkst við því að um mistök eða vanrækslu hefði verið að ræða af þeirra hálfu. Ennfremur kom fram í svörum þeirra að það hefði verið á annarra ábyrgð að leysa verkefni og fara með eftirlit. Þegar Rannsóknarskýrsla Alþingis kom út höfðu nær allir þessir einstaklingar vikið úr störfum sínum (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010 7. bindi). Þeir höfðu sem sagt axlað pólitíska ábyrgð. Í lögum um ráðherraábyrgð nr. 4/1963 er ekki skýrt kveðið á um hvernig skuli skilgreina og fara með þau brot sem ekki eru brot á lögum eða stjórnarskrá og nú reynir í fyrsta skipti á lög um ráðherraábyrgð með Landsdómi (Gunnar Helgi Kristinsson, 1994). Þegar þetta er skrifað fara fram réttarhöld yfir Geir H. Haarde fyrrverandi forsætisráðherra en hann tók við forsætisráðherraembættinu af Halldóri Ásgrímssyni árið 2007 og gegndi því fram yfir efnahagshrunið til ársins 2009. Ekki er hér heldur ætlunin að komast að því hvaða hlut stjórn mála- og embættismenn bera á efnahagshruninu heldur er hér ætlunin að skoða hug almennings til efnahagshrunsins, hvernig venjulegir kjósendur, sem hafa þurft að glíma við kerfishrun og upplausn í stjórn málum, upplifa efnahagshrunið.

Almenningur

Í apríl árið 2008 kom út skýrsla unnin fyrir forsætisráðuneytið um ímynd Íslands (Forsætisráðuneyti, 2008). Tilgangurinn var að kortleggja og móta ímyndina í takt við þá hugmyndafræði að ímynd lands og þjóðar sé tæki til verðmætasköpunar. Áherslan var á að skapa spennandi vörumerki til afnota fyrir fyrirtæki og ferðaþjónustu. Til að grafast fyrir um hugmyndir Íslendinga um sjálfa sig voru settir á fót rýnihópar á nokkrum stöðum á landinu og haldnar hringborðsumræður í Reykjavík þar sem framámönnum úr ýmsum áttum var boðið að koma og ræða ímynd og eiginleika Íslendinga og framtíð þeirra í alþjóðlegu samhengi. Í skýrslunni eru lýsingar á einkennum Íslendinga mjög í anda lýsinga á útrásarvíkingunum svokölluðu. Íslendingum er lýst sem bjartsýnum, kraftmiklum, vinnuglöðum, frekum og um fram allt frjálsum. Mikil áhersla er lögð á frelsisást Íslendinga, náttúrulegan vinnukraft og frjállega og óformlega framkomu (Forsætisráðuneyti, 2008). Aðferðafræðin leyfir ekki alhæfingu en það er samt áhugavert að þessar lýsingar á

útrásarvíkingum og Íslendingum almennt skuli vera samhljóma. Mikið fór fyrir lýsingum á frjálslegu fasi, vinnugleði, fljótfærni, kæruleysislegri bjartsýni og sköpunarkrafti í umfjöllunum um einkenni viðskiptamanna í útrásinni (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson og Þórhallur Guðlaugsson, 2007; Sigrún Davíðsdóttir, 2006). Það kom fram í umræðum rýnihópanna að ímyndin hefði verið að breytast, fyrir einhverjum árum hefði fólk ekki notað sömu lýsingarorð um Íslendinga og það gerði nú. Ekki hefði verið talað eins mikið um kraft og áræðni enda gerði Sagnfræðingafélag Íslands athugasemd um stoðir skýrslunnar í frelsisþrá Íslendinga í kjölfar sjálfstæðis. (Forsætisráðuneyti, 2008, bls. 62; Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010, 8. bindi). Ekki er hér verið að draga niðurstöður skýrslunnar í efa en hugsanlegt er að þarna hafi komið fram lýsingar sem áttu vel við tíðarandann á árunum fyrir efnahagshrunið. Fróðlegt væri að vita hverjar niðurstöður skýrslu um ímynd Íslands yrðu nú. Í Rannsóknarskýrslu Alþingis er fjallað um þátt almennings í efnahagshruninu og það reifað hvernig almenningur tók þátt í skuldabólunni og horfði með velpóknun á uppgang efnahagslífsins. Það drakk í sig lýsingar af lúxuslífi auðkýfinganna og reyndi að gera vel við sjálft sig í stíl með kaupum á bílum og flatskjám, allt greitt með lánum eins og þeir gerðu (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010, 8. bindi). Þá er haft eftir Ingjaldi Hannibalssyni að tekist hafi að dáleiða þjóðina þar sem eftirlit varð að skammaryrði (Rannsóknarnefnd Alþingis, 2010, 8. bindi). Athafnafrelsi og frumkvöðlakraft mátti ekki hefta með lögum og reglum. Samkeppnisumhverfið myndi veita það aðhald sem þyrfti. Í viðauka við Rannsóknarskýrslu Alþingis er fjallað um þjóðarstolt Íslendinga og hvernig samstaða átti þátt sinn í því að vísa aðvörunarorðum á bug (Rannsóknarskýrsla Alþingis, 2010, 8. bindi). Þá er áhugavert að vita hvort fólk er tilbúið til að skella skuldinni á almenning. Hvaða skýringar gefur almenningur þegar sökin virðist liggja hvergi en þó allt um kring?

Reiði

Reiði er tilfinning sem hefur verið skilgreind sem tilfinningalegt ástand sem er missterkt í upplifun, frá örlitlum pirringi eða gremju til ofsa og bræði (Ünal-Karagüven, 2009). Reiði hefur sterka félagslega skírskotun þar sem talað er um að reita einhvern til reiði og þannig verður hún að vera kölluð fram af umhverfinu

(Smith og Ellsworth, 1985). Þá beinist hún að einhverju eða einhverjum og því kennd við sök og álösun og er jafnvel tengd við vilja til að vinna öðrum mein. Áberandi er þörfin fyrir að finna reiðinni farveg með því að kenna einhverjum eða einhverju um. Þá byggist hún oft á þeim skilningi á aðstæðum að eitthvað sé óréttlátt eða ólöglegt. (Berkowitz og Harmon-Jones, 2004). Reiði er ólík öðrum neikvæðum tilfinningum að því leyti að hún einkennist oft af vissu og upplifun á stjórn á aðstæðum á meðan aðrar neikvæðar tilfinningar eins og kvíði einkennast af óvissu og upplifun á stjórnleysi (Carver og Harmon-Jones, 2009). Sýnt hefur verið fram á að félagslegt ástand eins og efnahagslæggðir geti kallað fram reiði (Berkowitz og Harmon-Jones, 2004; Ünal-Karagüven, 2009). Mjög skýr birtingarmynd reiði í samfélagi eru fjöldamótmæli (Jost, Chaikalis-Pertritis, Abrams, Sidanus, van der Toorn og Bratt, 2012) og mátti sjá hana í mótmælunum sem hafa verið kölluð búsáaldabyltingin (Guðni Th. Jóhannesson, 2009). Hér verður skoðað hvernig reiði myndar samband við skýringar á efnahagshruninu. Ætla mætti að þeir sem segjast upplifa reiði þegar þeir hugsa um efnahagshrunið séu líklegri til að segja þá þætti sem hafa verið í umræðunni um sök efnahagshrunsins eiga mikinn þátt í því. Vegna þess að reiði beinist að þeim eða því sem veldur reiðinni ættu þeir reiðu að vera tilbúnir til að kenna einstaklingum og hópum um efnahagshrunið. Skýringin virðist liggja víða og margir eiga þátt í efnahagshruninu og því ættu þeir sem eru reiðir að vera líklegri til að finna sökina hjá öllum og telja að um samsæri hafi verið að ræða. Reiðin beinist út á við og því finna þeir ekki sök hjá sjálfum sér og segja því almenning ekki eiga þátt í efnahagshruninu. Þeir upplifa líklega óréttlæti og vilja því að sekir verði dregnir fyrir dóm og að lagarammi, eins og til að mynda stjórnarskráin, fái endurskoðun. Þá eru þeir því ósammála að efnahagshrunið geti hvílt á einhverju sem er löglegt eins og hringrás þenslu og samdráttar efnahagskerfa eða kapítalískri hugmyndafræði.

Tilgáta 1: Fram kemur jákvætt samband milli reiði og þess að segja siðferðisbrest, heimsku, útrásarvíkinga og stjórnmálamenn eiga þátt í efnahagshruninu.

Tilgáta 2: Fram kemur jákvætt samband milli reiði og þess að telja að draga ætti stjórnmálamenn fyrir dóm, að telja að efnahagshrunið hafi orðið vegna samsæris og að þörf sé á að setja nýja stjórnarskrá.

Tilgáta 3: Fram kemur neikvætt samband milli reiði og þess að telja almenning eiga þátt í efnahagshruninu og að hringrás efnahagslífsins eigi sök á efnahagshruninu.

Trú á réttlátan heim

Ekki þarf að efast um að efnahagshrunið olli fólki vonbrigðum og dregið hafi úr trausti þess til stjórnmálamanna, bankamanna og þeirra sem stóðu að útrásinni (Guðni Th. Jóhannesson, 2009). Þó er það svo að fólk hefur þörf fyrir að trúa því að tilveran sé í grundvallaratriðum björt og heimurinn góður og réttlátur staður til að vera á. Það trúir því að fólk uppskeri eins og það sái og góðir hlutir komi fyrir gott fólk (Loo, 2002). Trúin á réttlátan heim (e. belief in a just world) er hugtak sem hefur verið notað til að skýra hvers vegna fólk hefur tilheingingu til að kenna einstaklingum í ógöngum sjálfum um aðstæðurnar sem það lendir í (Furnham, 2003). Þá er fólk sem skorar hátt á mælikvarða um trú á réttlátan heim líklegra til þess að telja fátækt í þriðja heiminum sjálfskapaða en áskapaða (Campbell, Carr og MacLachlan, 2001). Sýnt hefur verið fram á að hugtakið hafi neikvæða fylgni við tilfinningar sem tengjast þunglyndi (Nasser, Doumit og Carifio, 2011) og mælikvarðinn hefur verið notaður til að spá fyrir um ánægju með lífið og velsæld (e. well-being) (Lipkus, Dalbert og Siegler, 1996; Dalbert, 1999). Fólk sem trúir á réttlátan heim upplifir síður reiði og virðist eiga auðveldara með að tjá reiðina sé hún til staðar. Einnig er ólíklegra að reiði dragi úr sjálfstrausti þeirra sem trúa á réttlátan heim (Dalbert, 2002). Þá dregur það úr álagi að trúa því að með því að haga sér vel geti fólk haft stjórn á lífi sínu og tilveran sýnist viðráðanlegri þegar því er trúað að tilviljanabundnir atburðir séu í raun hluti af kerfi sem fólk getur haft stjórn á. Þeir sem trúa á réttlátan heim eru líklegri til að takast á við álag af krafti vegna þess þeir líta á aðstæðurnar sem áskorun fremur en ógn og trúa á eigin getu til að vinna sig í gegnum álagið (Tomaka og Blascovich, 1994).

Ekki gefst þess kostur í þessari rannsókn að mæla hvort trú Íslendinga á réttlátan heim hefur beðið hnekki eftir efnahagshrunið. En áhugavert er að vita hvort

mælingin spái fyrir um trú á dóm, sýknu eða sekt. Vegna þess að þeir sem skora hátt telja að fólk hljóti það sem það á skilið ættu þeir að trúa því að þeir sem eiga sök verði dregnir fyrir dóm og þeir dæmdir sekir. Einnig er hér spurt hvort þeir sem fá háa útkomu á kvarðanum séu bjartsýnni um framtíð efnahagskerfisins en hinir sem fá lægri útkomu.

Tilgáta 4: Fram kemur jákvætt samband milli þess að trúa á réttlátan heim og þess að trúa því að þeir sem eiga sök á efnahagshruninu verði dregnir fyrir dóm og sakfelldir.

Tilgáta 5: Fram kemur jákvætt samband milli þess að trúa á réttlátan heim og bjartsýni um framtíð efnahagslífsins.

Réttlætting kerfisins

Trúin á að fólk fái það sem það vilji, leggi það nógu hart að sér er líka hluti af kenningu um að réttlæta kerfið (e. System justification). Réttlætting kerfisins er skilgreind sem ferli þar sem gildandi félagslegt skipulag er réttlætt og gert lögmætt, jafnvel þrátt fyrir að persónulegir og félagslegir hagsmunir þurfi að víkja (Jost, Banaji og Nosek, 2004; Rankin, Jost og Wakslak, 2009). Kenningin um réttlættingu kerfisins hefur einkum verið notuð til að skýra hvers vegna fólk sem tilheyrir minnihlutahópum trúir á og styður kerfi sem greinilega vinnur gegn hagsmunum þess (Fong, 2001). Til að mynda hafa rannsóknir reynt að skýra hvers vegna Bandaríkjamenn af afrískum uppruna styðja fordómafullar hugmyndir um þeirra eigin kynþátt (Jost og Thompson, 2000; Rankin, Jost og Wakslak, 2009) og hvers vegna konur réttlæta misrétti gegn sjálfum sér með hugmyndum um eiginleika og eðli kynjanna (Glick og Fiske, 2001). Réttlætting kerfisins kallar þannig fram hegðun og skoðanir sem eru í andstöðu við breytingar og miða að því að viðhalda kerfinu. Kenningin er í hróplegu ósamræmi við þær hugmyndir að hugmyndafræði sé fyrst og fremst tæki sem fólk notar til að verja hagsmuni sína og hugmyndafræðileg átök endurspegli átök hagsmunahópa. Þvert á móti byggir kenningin á því að fólk hafi þörf fyrir að finnast það búa við réttlátt kerfi og noti hugmyndafræði til að ljá kerfinu lögmæti (van der Toorn, Tyler og Jost, 2011; Jost, Ledgerwood og Hardin, 2007). Niðurstöður rannsókna Millers og Ratners (1998) sýndu að þegar fólk metur orsakir stuðnings við pólitísk stefnumál ofmetur það hlut hagsmunahópa og persónulegra eiginhagsmuna. Þá er láglaunafólk einungis örlítið líklegra en hálaunafólk til að styðja

jafnræðisstefnu þó hagsmunum þess sé augljóslega betur borgið undir þesskonar stefnu (Fong, 2001). Kenningin um réttlætingu kerfisins skýrir hvernig fólk rökstyður efnahagslegt ójafnræði með vísun í réttláta misskiptingu vegna mismunandi frammistöðu einstaklinga. Jafnræði sé í raun ómögulegt og engin rök réttlæti kerfislega þvingun jafnræðis (Jost, Blount, Pfeffer og Hunyady, 2003). Kenningin um efnahagslega réttlætingu kerfisins byggir sem sagt á kapítalískri hugmyndafræði og markaðshagkerfi. Ætla má að grundvöllur kenningarinnar sé í góðu samræmi við hugmyndir um efnahagslífið á árunum fyrir efnahagshrunið þar sem mikið var gert úr samkeppni markaðarins og frelsi (Ísland 2015, 2006). Í stefnuyfirlýsingum ríkisstjórnanna árið 1999, 2003 og 2007 var áhersla lögð á einkavæðingu ríkisfyrirtækja og að afnema þurfi laga- og reglugerðarákvæði sem séu til óþurftar (Rannsóknarskýrsla Alþingis, 2010, 8. bindi).

Sýnt hefur verið fram á að réttlæting kerfisins er hluti af því hvernig fólk tekst á við það hugræna misræmi sem myndast þegar tekist er á við óréttlæti og misskiptingu sem það verður vitni að (Jost og Hunyady, 2002). Oft á tíðum eru skýringar á óréttlætinu ekki sjáanlegar og þá grípur fólk ósjálfrátt til þeirra hugmynda að fólk hljóti það sem það á skilið og því séu aðstæður sem virðast óréttlátar í raun réttlátar (Jost, Liviatan, van der Toorn, Ledgerwood, Mandisodza og Nosek, 2010). Réttlæting kerfisins veitir hugarró og hún dregur úr neikvæðum tilfinningum og að umhverfið sé skynjað á neikvæðan hátt. Hugarróin byggist bæði á því að réttlæting kerfisins virðist veita viðnám gegn streitu með því að horfa á félagslegan veruleika sem skiljanlegan, skipulagðan, stöðugan, innihaldsríkan og útreiknanlegan og með því að veita fólki tæki til að takast á við álag með trúnni á að hægt sé að hafa áhrif á aðstæður og von um að góðar gjörðir skili góðri útkomu (Jost og Hunyady, 2002; Jost, Liviatan, van der Toorn, Ledgerwood, Mandisodza og Nosek, 2010). Sýnt hefur verið fram á að hegðunin sem réttlæting kerfisins kallar fram; andstaða við breytingar og viðhald kerfisins, sé að einhverju leyti vegna þeirra jákvæðu tilfinninga eða öllu heldur skorts á neikvæðum tilfinningum sem fylgja réttlætingu kerfisins (Wakslak, Jost, Tyler og Chen, 2007). Jost, Chaikalis-Pertritis, Abrams, Sidanus, van der Toorn og Bratt (2012) skoðuðu hvernig réttlæting kerfisins hefur áhrif á vilja fólks til að taka þátt í mótmælum. Meðal annars var gerð tilraun þar sem skoðað var viðhorf til þess að taka þátt í mótmælum vegna þátttöku bandaríska ríkisins við að endurreisa

fjármálaráðið á Wall Street. Niðurstöðurnar voru þær að ekki einungis var samband milli þess að réttlæta kerfið og að vilja ekki taka þátt í mótmælunum heldur var einnig skýrt samband við minni reiði. Virðist það vera sem svo að reiði sé sú breyta sem miðlar réttlætingu kerfisins þannig að þegar tekið er tillit til réttlætningar kerfisins hefur reiði ekki lengur áhrif á viljann til að mótmæla.

Hér verður það skoðað hvort það bjargræði sem réttlæting kerfisins veitir hafi áhrif á hvar fólk finnur skýringar á efnahagshruninu og hvar það segi sökina liggja. Hugarróin ætti að draga úr viljanum til að kenna einstaklingum og hópum um efnahagshrunið og þess að sjá efnahagshrunið sem samsæri. Vegna þess að þeir sem réttlæta kerfið líta á það sem rökrétt, skipulagt og undir stjórn þá ættu þeir ekki að telja að lagarammi, eins og til að mynda stjórnarskráin, þurfi endurskoðun. Þá ættu þeir ekki að telja siðferðisbrest og heimsku eiga þátt í efnahagshruninu eða kerfislega þætti eins og kapítalíska hugmyndafræði og hringrás þenslu og samdráttar efnahagskerfa. Bjargræði réttlætningar kerfisins ætti að koma fram í minni reiði en áhugavert er að vita hvernig þeir sjá hlut almennings í efnahagshruninu.

Tilgáta 6: Fram kemur neikvætt samband milli þess að réttlæta kerfið og að segja siðferðisbresti, heimsku, útrásarvíkinga og stjórnámálamenn eiga þátt í efnahagshruninu.

Tilgáta 7: Fram kemur neikvætt samband milli þess að réttlæta kerfið og þess að telja að draga ætti stjórnámálamenn fyrir dóm, að telja að efnahagshrunið hafi orðið vegna samsæris og að þörf sé á að setja nýja stjórnarskrá.

Tilgáta 8: Fram kemur jákvætt samband milli þess að réttlæta kerfið og segja almenning eiga þátt í efnahagshruninu.

Tilgáta 9: Fram kemur neikvætt samband milli þess að réttlæta kerfið og þess segjast vera reið/ur þegar hugsað er um efnahagshrunið og að telja að kapítalísk hugmyndafræði hafi átt þátt í efnahagshruninu.

Tilgáta 10: Réttlæting kerfisins dregur úr tölfræðilegu sambandi milli reiði og siðferðisbresta. Með öðrum orðum dregur úr sambandi reiði við að kenna siðferðisbrestum um þegar tekið er tillit til réttlætningar kerfisins.

Aðferð

Þátttakendur og framkvæmd

Spurningalistinn var settur upp á vefsíðunni Surveymonkey.com þar sem listinn fékk ákveðna vefslóð sem þátttakendur notuðu til að fá aðgang að listanum. Svörum var safnað á tímabilinu 1. febrúar til 24. febrúar 2012. Annars vegar svaraði 51 nemandi í námskeiðinu Inngangur að aðferðafræði við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands spurningalistanum í tíma. Nemendur fengu 3% af einkunn fyrir að svara spurningalistanum en hann var þá hluti af lengri lista. Hins vegar var óskað eftir þátttöku í rannsókninni á vefsíðunni Facebook og með tölvupósti. Úrtakið samanstóð af 189 einstaklingum á aldrinum 19 til 64 ára ($M = 35$ ár). Af þeim sem gáfu upp kyn voru 76 karlar og 102 konur. Af þátttakendum hafði 2,1% lokið grunnskólaprófi, 10,1% hafði einhverja framhaldsskólamenntun, 2,6% höfðu stúdentspróf, 10,1% höfðu lokið einhverri háskólamenntun, 18,5% höfðu BA eða BS próf, og loks 21,7% MA eða MS próf. Alls voru 27% úrtaksins stjórn málafræðinemar. Eftir að gögnum hafði verið komið saman í eitt gagnasafn fór tölfræðileg úrvinnsla fram í SPSS. Nokkrir þátttakendur höfðu einungis svarað fyrstu tveimur spurningunum og var þeirra svörum eytt úr gagnasafninu. Tölfræðiaðferðir sem notaðar voru við úrvinnsluna eru lýsandi tölfræði, þáttgreining, áreiðanleikamæling, fylgni, aðhvarfsgreining, fjölbreytuaðhvarfsgreining og miðlunargreining.

Mælitæki

Allir þátttakendur voru beðnir um að svara spurningalistanum með upplifun sína af efnahagshruninu á Íslandi í huga. Spurningalistann í heild sinni má sjá í viðauka 1. Bakgrunnsspurningar voru um kyn, menntun, hagfræðimenntun, kosningaþátttöku og hvað var kosið. Þá var spurt um viðhorf til inngöngu í ESB og „hverjir eiga meiri sök á efnahagshruninu; stjórn málamenn og embættismenn stjórnsýslunnar eða aðrir gerendur í efnahagskerfinu til að mynda eigendur bankanna, bankastjórar og auðmenn í viðskiptum?“ Svarmöguleikar voru; stjórn málamenn og embættismenn (1) aðrir gerendur í efnahagskerfinu (2) báðir hópar eiga jafna sök (3) hvorugur hópanna á sök (4). Spurningalisti Leiser, Bourgeois-Gironde og Benita (2010) um skýringar á efnahagshruninu var lagður fyrir, ásamt spurningum um tilfinningar, trú á réttlátan heim og réttlætingu kerfisins. Þá voru samdar spurningar um þátt

ákveðinna aðila að efnahagshruninu, vilja fólks til að draga þá fyrir dóm og trú á sakfellingu.

Skýringar á efnahagshruninu: Spurningar um efnahagshrunið voru þýddar úr lista Leiser og félaga (2010). Þær voru á fimm punkta Likertkvarða. Annars vegar var spurt um þátt ýmissa hugtaka í efnahagshruninu, hve mikinn eða lítinn þátt telur þú að eftirfarandi hafi átt í efnahagshruninu? Dæmi: „Skortur á reglum“, „heimska og ófagmennska“. Svarmöguleikarnir voru; mjög mikinn þátt (5), frekar mikinn þátt (4), hvorki mikinn né lítinn þátt (3), frekar lítinn þátt (2) og mjög lítinn þátt (1). Hins vegar voru þáttakendur beðnir um að vera sammála eða ósammála fullyrðingum um efnahagskerfið og efnahagshrunið, Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum? Dæmi: „efnahagshrunið á sér vel skilgreindar skýringar, en efnahagskerfið er flókið og ástandið varð stjórnlaust“, „siðferði viðskipta- og fjármálaráðsins mun verða betra eftir efnahagshrunið“. Svarmöguleikarnir voru á fimm punkta Likertkvarða; mjög sammála (5), frekar sammála (4), hvorki sammála né ósammála (3), frekar ósammála (2) og mjög ósammála (1).

Þáttur ákveðinna hópa og einstaklinga í efnahagshruninu: Spurt var um hlut ákveðinna hópa og einstaklinga; Hve mikinn eða lítinn þátt áttu eftirfarandi í efnahagshruninu? Dæmi: „stjórnámálamenn“, „útrásarvíkingar“. Svarmöguleikarnir voru á fimm punkta Likertkvarða, frá mjög mikinn þátt (5) til mjög lítinn þátt (1).

Vilji til að draga fyrir dóm og trú á sakfellingu: Þátttakendur tóku afstöðu til fullyrðinga sem snéru að því hvort fólk vilji að stjórnámálamenn verði dregnir fyrir dóm og hvort fólk trúði því að þeir sem eigi sök á efnahagshruninu muni verða sakfelldir eða sýknaðir. Dæmi: „það ætti að draga stjórnámálamenn fyrir dóm til að skera úr um þátt þeirra í efnahagshruninu“, „ég trúði því að þeir sem bera sök á efnahagshruninu verði sakfelldir“. Þá var spurt hvort þörf væri á að setja nýja stjórnarskrá til þess að endurreisn geti farið fram. Svarmöguleikar voru á fimm punkta Likertkvarða frá mjög sammála (5) til mjög ósammála (1).

Tilfinningar: Tilfinningar sem fólk upplifir í tengslum við efnahagshrunið voru mældar með spurningum um hversu vel eða illa tiltekna tilfinningar lýsa líðan sem fólk upplifir þegar það hugsar um efnahagshrunið. Tilfinningarnar voru; áhugasemi, ánægja, bjartsýni, depurð, hræðsla, kvíði, óvissa, reiði, staðfesta, stolt, stress og

vonleysi. Svarmöguleikar voru á fimm punkta Likertkvarða; Á mjög illa við (1) til á mjög vel við (5). Hér verður einungis notast við niðurstöður úr spurningunni um reiði.

Trú á réttlátan heim: Sex spurninga kvarði sem Dalbert, Montada og Schmitt þróuðu var þýddur til að mæla trú á réttlátan heim (Loo, 2002). Dæmi um fullyrðingar sem átti að taka afstöðu til: „Ég er viss um að réttlæti sigrar alltaf óréttlæti“ og „ég trúi því að fólk hljóti það sem það á skilið“. Svarmöguleikar voru á sex punkta Likertkvarða frá mjög sammála (6) til mjög ósammála (1). Cronbachs Alpha fyrir trú á réttlátan heim var 0,876.

Réttlætning kerfisins: Vegna þess að hér er efnahagskerfi til umræðu þá er notast við kvarða sem mælir réttlætningu á efnahagslegu ójafnræði (e. economic system justification) sem Jost og Thompson þróuðu (2000). Listi Jost og Thompson telur 17 spurningar en við þýðingu var hann stytur í 10 spurningar sem þóttu eiga best við íslenskt samfélag og eftir að nemendur í stjórn málafræði höfðu svarað var einni spurningu sleppt vegna þess hún hafði litla fylgni við hinar og listinn samanstendur því af níu spurningum. Svarmöguleikar voru á 9 punkta kvarða með „Algerlega ósammála“ (1) og „Algerlega sammála“ (9) á jöðrunum. Dæmi um fullyrðingar sem taka átti afstöðu til: „Leggi fólk hart að sér fær það nærri alltaf það sem það vill“ og „flestir sem ekki komast áfram í samfélaginu geta sjálfum sér um kennt, þeir ættu ekki að kenna kerfinu um“. Cronbachs Alpha fyrir réttlætningu kerfisins var 0,726.

Niðurstöður

Staðfestandi þáttgreining á undirþáttum um skýringar á efnahagshruninu. Í fyrstu var gerð staðfestandi þáttgreining með principal component aðferð, á undirþáttum á þeim spurningum sem fengnar voru úr lista Leiser, Bourgeois-Gironde og Benita (2010) um skýringar fólks á efnahagshruninu. Notaður var hornréttur Varimax snúningur og þættir með eigingildi yfir 1,0 voru dregnir út. Ef tveir þættir voru dregnir út var þáttgreiningin keyrð aftur og beðið um einn þátt. Í Töflu 1 má sjá niðurstöður staðfestandi þáttgreiningar.

Tafla 1. Staðfestandi þáttagreining á undirþáttum um skýringar á efnahagshruninu.

Flokkur	Skýrð dreifni	Eigin-gildi	Þáttahleðsla	Alpha
Kapítalísk hugmyndafræði	58,57%	1,71		0,41
Kapítalismi			0,77	
Alþjóðavæðing			0,77	
Siðferðisbrestir	45,03%	1,80		0,63
Siðferðisbrestir			0,79	
Græðgi			0,78	
Ákvarðanir hagsmunaaðila			0,75	
Efnahagshrunið er refsing			-0,04	
Heimska	48,96%	2,44		0,73
Heimska og ófagmennska			0,80	
Skortur á fagmennsku stjórn.manna			0,79	
Heimska stjórn.manna			0,78	
Skammtímahugsun			0,58	
Hjarðhegðun			0,51	
Skortur á eftirliti	46,29%	2,31		0,70
Óábyrgt viðhorf ríkisins			0,77	
Óskynsamleg lán			0,6	
Rangar upplýsingar frá matsaðilum			0,71	
Skortur á reglum			0,59	
Spákaupmennska			0,54	
Flækjustig	35,16%	1,76		0,43
Efnahagskerfið stjórnlaust			0,76	
Skilningsleysi stjórnámálanna			0,77	
Efnahagskerfið flókið			0,43	
Efnahagshr. á skýringar en varð stjórn.			0,62	
Enginn hefði getað komið í veg fyrir			-0,17	
Hagfræði	39,15%	1,57		0,48
Sérfræðingar skilja			0,61	
Hagfræðingar skilja			0,72	
Hægt að spá fyrir um horfur			0,57	
Hægt að segja til um lengd kreppu			0,59	
Afskiptaleysi	41,40%	1,66		0,52
Styðja ætti við banka*			0,75	
Bönkum ætti að vera leyft að fara í þrot			0,77	
Efnahagskerfið getur rétt sig af sjálft			0,49	
Inngrip ríkisins er nauðsynlegt*			0,51	
Bjartsýni	70,00%	1,40		0,57
Efnahagskerfið verður sterkara			0,84	
Siðferði viðskiptalífsins mun verða betra			0,84	
Samsæri	55,78%	1,674		0,56
Rangar upplýsingar frá matsaðilum			0,85	
Bankar hvöttu fólk til óskynsamlegra lána			0,83	
Hefði verið hægt að koma í veg fyrir			0,51	
Fjölmiðlar	84,18%	1,68		0,81
Þáttur fjölmiðla			0,92	
Umfjöllun fjölmiðla um efnahagsmál			0,92	

* Svarmöguleikum spurningar snúið við úrvinnslu til að samræma svarkvarða.

Upphafleg þáttgreining sýndi í sex tilvikum af tíu niðurstöður til samræmis við væntingar því þáttgreining skilaði einum þætti. Í fjórum tilvikum sýndi upphafleg þáttgreining á hinn bóginn tvo þætti. Þetta var fyrir þættina *siðferðisbrestir*, *flækjustig*, *hagfræði* og *afskiptaleysi*. Þegar þáttgreiningin var endurtekin og einungis beðið um einn þátt, gerðist það hjá þáttunum *siðferðisbrestir* og *flækjustig* að ein spurning hlóð ekki nægjanlega hátt á þáttinn, eða undir 0,30. Þessar spurningar geta því ekki talist tilheyra þáttunum og var sleppt í frekari úrvinnslu. Fyrir *hagfræði* og *afskiptaleysi* hlóðu allar spurningar ásættanlega hátt á einn þátt. Enn fremur, þar sem Cronbach's alpha fyrir þáttinn *kapítalísk hugmyndafræði* var aðeins 0,41 var ákveðið að láta þær tvær breytur standa sér við nánari þáttgreiningu.

Leitandi þáttgreining. Því næst var gerð leitandi þáttgreining á þáttunum sem búnir voru til á grundvelli staðfestandi þáttgreiningar undirþátta. Aðferðin var aftur principal component analysis en notaður hornskakkur Promax snúningur og miðað við eigingildi yfir 1,00. Þáttahleðslur má sjá í Töflu 2. KMO var 0,71 og Bartlett'sprófið marktækt sem gefur til kynna að úrtakið sé hæft til þáttgreiningar. Niðurstöður leitandi þáttgreiningar má sjá í Töflu 2.

Fyrsti þátturinn skýrir um 28% af heildardreifni og vísar greinilega til mannlegra siðferðisbresta. Undirþátturinn *flækjustig* hlóð á bæði þátt eitt og tvö en skýringin getur legið í því að spurningarnar um flækjustig snúa margar að því að ástandið hafi ekki verið á mannlegu valdi vegna þess hve það er flókið. Til að mynda á spurningin um „skilningsleysi stjórnámamanna“ greinilega betur við mannlegan breyskleika en kerfislægan vanda. Þáttur tvö er myndaður af undirþáttunum *bjartsýni* og *hagfræði*, eða þeirri trú að með nægri þekkingu sé hægt að skýra og skilja efnahagshrunið og spá fyrir um efnahagshorfur. Þá hlóð sök kapítalískrar hugmyndafræði skiljanlega neikvætt á þáttinn þar sem hún er andstæð hugmyndum um bjartsýni og útreiknanleika efnahagslífsins. Þáttur þrjú er eilítið torskilinn, gæti staðið fyrir sýn á efnahagskerfið sem eitthvað stórt og samhangandi sem flegist til og frá líkt og veðurkerfið. Alþjóðavæðing er flókið fyrirbæri og ekki ólíklegt að fólk leggi mjög mismunandi skilning í hvað alþjóðavæðing er. Hún hlóð hér með stakri spurningu um þátt hringrásar þenslu og samdráttar efnahagskerfa en henni var bætt

við líkanið við leitandi þáttagreiningu líkt og gert var í rannsókn Leiser og félaga (2010). Þáttur fjögur virðist standa nokkuð skýrt fyrir hugmyndafræði afskiptaleysis. Tengingin við þátt fjölmiðla gæti verið óbein eða hún gæti legið í því að hugmyndafræði afskiptaleysisins fór að miklu leyti fram í fjölmiðlum á árunum fyrir efnahagshrunið.

Tafla 2. Niðurstöður leitandi þáttagreiningar.

	Þáttur 1	Þáttur 2	Þáttur 3	Þáttur 4
Skortur á eftirliti	0,84			
Samsæri	0,84			
Siðferðisbrestir	0,82			
Heimska	0,81			
Flækjustig	0,53	0,45		
Bjartsýni		0,75		
Hagfræði		0,61		
Sök kapítalískrar hugmyndafræði		-0,43		
Alþjóðavæðing			0,86	
Hringrás			0,46	0,44
Afskiptaleysi				0,76
Fjölmiðlar				0,56
Skýrð dreifni	27,80%	12,42%	11,28%	9,70%
Eigingildi	3,34	1,49	1,35	1,16

Ath. Aðeins hleðslur yfir 0,4 eru sýndar

Þáttagreining á sök aðila. Þá var gerð þáttagreining á spurningum um hvort þátttakendur teldu hlut ákveðinna hópa mikinn eða lítinn í efnahagshruninu. Aðferðin var principal component en notaður hornskakkur Promax snúningur og miðað við eigingildi yfir 1,00. KMO var 0,74 og Bartlettsprófið marktækt. Niðurstöður þáttagreiningar má sjá í Töflu 3.

Dregin voru út nokkuð stöðugir þrjú þættir en sök stjórnámálanna hlóð markvert á tvo þætti. Ákveðið var að halda sök stjórnámálanna við þátt tvö en hann heldur utan um sök embættismanna og ríkisstjórnar árið 2007. Sök ríkisstjórnar árið 2003 hlóð aftur á móti skýrt á þátt eitt og var henni því haldið þar. Fullyrðingin um sök ríkisstjórnar árið 2003 hljómaði svona: “Ríkisstjórnin sem var við völd þegar

bankarnir voru einkavæddir árið 2003” og kann það að skýra hvers vegna hún hleður frekar með sök útrásarvíkinga og bankastjóra viðskiptabankanna en embættismanna. Þáttur þrjú myndar greinilega sök þeirra sem ekki höfðu bein völd til að hafa áhrif á gang efnahagsmála, forseta Íslands, almennings, fjölmiðla og starfsfólks banka.

Tafla 3. Þáttagreining á sök aðila á efnahagshruninu.

	Þáttur 1	Þáttur 2	Þáttur 3
Útrásarvíkingar	0,90		
Bankastjórar viðskiptabanka	0,80		
Ríkisstjórn árið 2003	0,57		
Stjórnámálamenn	0,47	0,46	
Fjármálaeftirlitið		0,88	
Ríkisstjórn árið 2007		0,72	
Seðlabankastjórar		0,43	
Forseti Íslands			0,77
Almenningur			0,73
Fjölmiðlar			0,68
Starfsfólk banka			0,60
Skýrð dreifni	29,87%	17,62%	10,17%
Alpha	0,59	0,68	0,66
Eigingildi	3,29	1,94	1,12

Einungis þáttahleðslur yfir 0,4 eru sýndar.

Þáttagreining á trú á sakfellingu. Til að athuga þáttabyggingu spurninga um hvort þátttakendur trúu því að þeir sem eiga sök á efnahagshruninu verði dregnir fyrir dóm og sakfelldir, hvort þeir telji að stjórnámálamenn ættu að vera dæmdir og hvort þörf sé á að setja nýja stjórnarskrá voru spurningar um trú á sakfellingu þáttgreindar. Aðferðin var principal component en notaður hornréttur Varimax snúningur og miðað við eigingildi yfir 1,00. KMO var 0,63 og Bartlettsprófið marktækt. Niðurstöður þáttagreiningar má sjá í Töflu 4.

Dregnir voru út tveir nokkuð stöðugir þættir. Þáttur eitt myndar trú á sakfellingu með endurkóðun á breytunni um trú á sýknu. Þáttur tvö snýr að lögum og dómum, hvort sök efnahagshrunsins varði við lög og hvort þeim þurfi þá að breyta með því að setja nýja stjórnarskrá.

Tafla 4. Þáttagreining á trú á sakfellingu.

	Þáttur 1	Þáttur 2
Trú á sakfellingu	0,94	
Trú á að sekir verði dregnir fyrir dóm	0,87	
Trú á sýknu	-0,83	
Draga ætti stjórnámamenn fyrir dóm		0,90
Mál gegn öllum ráðherrum*		0,89
Þörf á að setja nýja stjórnarskrá		0,71
Skýrð dreifni	39,71%	34,82%
Alpha	0,86	0,78
Eigingildi	2,38	2,09

Aðeins þáttahleðslur yfir 0,4 eru sýndar. * Fullyrðingin í heild hljómaði svona: Alþingi hefði átt að samþykkja að höfða mál gegn öllum ráðherrum sem samkvæmt Rannsóknarskýrslu Alþingis höfðu unnið tjón með gjörðum sínum eða aðgerðarleysi í störfum sínum.

Lýsandi tölfraði. Í Töflu 5 má sjá lýsandi tölfraði yfir þá þætti sem notaðir voru við útreikninga á fylgni. Réttlætning kerfisins var mæld á kvarðanum 1-9, trú á réttlátan heim á kvarðanum 1-6 en aðrar spurningar voru metnar á kvarðanum 1-5.

Tafla 5. Lýsandi tölfraði.

	Meðaltal	Staðalfrávik
1. Reiði	3,68	1,22
2. Réttlætning kerfisins	4,56	1,23
3. Trú á réttlátan heim	2,66	1,04
4. Siðferðisbrestir	4,62	0,60
5. Ætti að dæma, ný stjórnarskrá	3,43	1,33
6. Sök útrásarvíkinga og fl.	4,85	0,36
7. Skortur á eftirliti	4,43	0,57
8. Heimska	4,32	0,67
9. Sök stjórnámamanna og fl.	4,46	0,59
10. Hringrás	2,91	1,07
11. Samsæri	4,15	0,76
12. Trú á sakfellingu	2,65	1,19
13. Bjartsýni	2,82	0,84
14. Sök kapítalískrar hugmyndafræði	4,01	0,96
15. Trú á afskiptaleysi	2,70	0,67
16. Sök almennings, fors, fjölm	3,05	0,82
17. Sök almennings	2,94	1,17

Réttlætning kerfisins er á níu punkta kvarða, trú á réttlátan heim er á sex punkta kvarða og aðrir þættir eru á fimm punkta kvarða.

Eins og sjá má hafði trú á sök útrásarvíkinga, bankastjóra viðskiptabankanna og ríkisstjórnarinnar árið 2003 hæsta meðaltalið eða 4,85 á kvarðanum 1-5. Fólk nálgast að vera að meðaltali mjög sammála því að útrásarvíkingar, bankastjórar viðskiptabankanna og ríkisstjórnin árið 2003 hafi átt þátt í efnahagshruninu. Þá má sjá að þáttur siðferðisbresta hafði meðaltalið 4,62. Fólk er sem sagt að meðaltali frekar sammála því að siðferðisbrestir hafi átt þátt í efnahagshruninu. Sakfelling hafði lægsta meðaltalið eða 2,65 en fólk er að meðaltali frekar ósammála því að þeir sem eigi sök á efnahagshruninu muni verða dregnir fyrir dóm og sakfelldir.

Við spurningu um hvorn hópinn þátttakendur teldu eiga meiri þátt í efnahagshruninu, stjórn mála- og embættismenn eða aðrir gerendur í efnahagskerfinu, sögðu um 56% þátttakenda stjórn mála- og embættismenn og gerendur í efnahagskerfinu eiga jafna sök á efnahagshruninu. Um 40% sögðu aðra gerendur í efnahagskerfinu eiga meiri sök, 3,4% sögðu stjórn mála- og embættismenn eiga meiri sök og 1,1% sagði hvorugan hópinn eiga sök.

Samband þátta við reiði, trú á réttlátan heim og réttlætingu kerfisins. Til að athuga sambönd á milli niðurstaðna þáttgreininga og reiði, trú á réttlátan heim og réttlætingu kerfisins var reiknuð fylgni við undirliggjandi þætti úr lista Leiser, Bourgeois-Gironde og Benita (2010) sem höfðu viðunandi áreiðanleika eða Cronbach's alpha yfir 0,50. Þá var spurningin um sök kapítalískrar hugmyndafræði notuð ein og sér. Einnig var reiknuð fylgni við þætti sem dregnir voru út úr spurningum um sök aðila og trú á sakfellingu og lagaramma. Þá var ákveðið hér að skoða sérstaklega hlut almennings og reiknuð fylgni við sök almennings. Gert er ráð fyrir því að þátttakendur hafi einna helst samsamað sig þeim hópi og hér hefur sérstaklega verið vikið að þeirri umræðu að almenningur eigi sök á efnahagshruninu. Fylgni reiði, réttlætingar kerfisins og trúar á réttlátan heim má sjá í Töflu 6 en fylgni allra breyta má sjá í Viðauka 2.

Reiði. Til að prófa tilgátur um reiði og tengsl við þættina sem eru til skoðunar var keyrð fylgni við þá. Í Töflu 6 má sjá að fólk sem segist upplifa reiði þegar það hugsar um efnahagshrunið er einnig líklegri til að vilja að stjórn málamenn verði dregnir fyrir dóm, og segja að þörf sé á að setja nýja stjórnarskrá. Þá voru þeir sem upplifðu mikla reiði líklegri til að telja sök siðferðisbresta, útrásarvíkinga,

stjórnámálanna og fleiri, skort á eftirliti, heimsku, samsæri og sök kapítalískrar hugmyndafræði vera meiri en þeir sem segjast upplifa minni reiði. Þá eru þeir sem upplifa reiði ólíklegri til að réttlæta kerfið og ólíklegri til að telja almenning eiga sök og telja hringrás efnahagskerfisins eiga þátt í efnahagshruninu.

Tafla 6. Fylgni þátta við reiði, réttlætingu kerfisins og trú á réttlátan heim.

	Reiði	Réttlæting kerfisins	Trú á réttlátan heim
1. Reiði	1		
2. Réttlæting kerfisins	-,21**	1	
3. Trú á réttlátan heim	,13	,20**	1
4. Siðferði	,37**	-,26**	-,04
5. Ætti að dæma, ný stjórnarskrá	,37**	-,39**	-,03
6. Sök útrásarvíkinga og fl.	,37**	-,46**	-,14
7. Skortur á eftirliti	,32**	-,28**	-,03
8. Heimska	,32**	-,19**	-,12
9. Sök stjórnámálanna og fl.	,37**	-,31**	-,11
10. Hringrás	-,27**	,13	,16*
11. Samsæri	,25**	-,30**	-,02
12. Trú á sakfellingu	,05	,16	,43**
13. Bjartsýni	-,11	,16*	,49**
14. Sök kapítalískrar hugmyndafræði	,15*	-,50**	-,19**
15. Trú á afskiptaleyssi	-,02	,20*	-,02
16. Sök almennings, fors, fjölm	,00	-,07	-,07
17. Sök almennings	-,22**	,20**	,10

*p < 0.05, **p < 0.01

Réttlæting kerfisins. Til að prófa tilgátur um samband réttlætingar kerfisins við þættina sem eru til skoðunar var keyrð fylgni. Eins og sjá má í Töflu 6 eru þeir sem réttlæta kerfið ólíklegri til að vilja að stjórnámálammenn verði dregnir fyrir dóm, og ólíklegri til að segja að þörf sé á að setja nýja stjórnarskrá. Þá eru þeir ólíklegri til að telja siðferðisbrest, útrásarvíkinga, stjórnámálammenn og fleiri, skort á eftirliti, heimsku, samsæri og sök kapítalískrar hugmyndafræði eiga þátt í efnahagshruninu en þeir sem ekki verja kerfið. Þá eru þeir sem réttlæta kerfið líklegri til að trúa á réttlátan heim og telja almenning eiga sök á efnahagshruninu.

Trú á réttlátan heim. Í Töflu 6 má einnig sjá prófun á tilgátum um að trúin á réttlátan heim hafi jákvæða fylgni við trú á sakfellingu og bjartsýni um horfur í efnahagslífinu. Niðurstöður sýna háa fylgni milli þessara þátta.

Aðhvarfsgreining og miðlunargreining á þætti siðferðisbresta. Að lokum var gerð aðhvarfsgreining til þess að prófa þá tilgátu að réttlæting kerfis veiti nokkurs konar bjargræði gegn reiði og dragi þar með úr viljanum til að kenna einstaklingum og hópum um efnahagshrunið. Því var gerð miðlunargreining þar sem prófuð var sú tilgáta að áhrif reiði á tilhneiginguna til þess að kenna siðferðisbrestum gerenda í efnahagslífinu um efnahagshrunið minnkuðu marktækt þegar tekið væri tillit til tilhneingingu fólks til kerfisréttlætningar. Í fyrstu var því skoðað hvort reiði spáði fyrir um þátt siðferðisbresta. Í öðru lagi var réttlæting kerfisins látin spá fyrir um þátt siðferðisbresta og að lokum var reiði sett aftur inn í líkanið.

Tafla 7. Óstaðlaðir hallastuðlar þriggja aðhvarfsgreininga á þætti siðferðisbresta (staðalvilla í sviga).

Frumbreyta	1	2	3
Reiði	0,184 (0,034)**		0,168 (0,035)**
Réttlæting kerfisins		-0,127 (0,037)**	-0,090 (0,035)*

* $p < 0.05$, ** $p < 0.01$

Eins og sjá má í Töflu 7 og til samræmis við niðurstöður fylgnireikninga var marktækt jákvætt samband milli þess að segjast upplifa reiði þegar hugsað er um efnahagshrunið og þess að segja siðferðisbresti eiga þátt í efnahagshruninu. Þá var einnig marktækt neikvætt samband milli þess að réttlæta kerfið og þess að telja siðferðisbresti eiga þátt. Í framhaldi var gert Sobel próf til að prófa tilgátuna um að reiði miðli sambandi réttlætningar kerfis og tilhneingunni til þess að kenna siðferðisbrestum um efnahagshrunið. Með öðrum orðum hvort samband reiði við að kenna siðferðisbrestum um minnki þegar tekið er tillit til réttlætningar kerfisins. Niðurstöður Sobel prófs (Soper 2012) sýndu að réttlæting kerfisins hafði nærri marktæk áhrif á samband reiði og siðferðisbresta, Sobel próf = -1,91 $p = ,056$. Reyndist prófið vera rétt yfir þeim viðmiðum sem venjulega eru sett um marktækar niðurstöður (Baron og Kenny, 1986).

Umræða

Í þessari rannsókn var skoðað hvernig almenningur skýrir og upplifir efnahagshrunið sem varð á Íslandi árið 2008 til 2009. Skoðað var hvort fólk vísar fyrst og fremst til mannlegra eða kerfislægra þátta þegar það skýrir efnahagshrunið eins og fyrri rannsókn í öðrum löndum hafði sýnt fram á (Leiser og félagar, 2010) og hverja það telur eiga sök á efnahagshruninu. Skýringar fólks voru svo settar í samhengi við það að upplifa reiði þegar hugsað er um efnahagshrunið, það að trúa á réttlátan heim og að réttlæta kerfið. Niðurstöður sýndu að fólk á Íslandi vísar annað hvort til mannlegra þátta eða kerfislægra þegar það skýrir efnahagshrunið. Allar tilgátur um samband reiði, trúar á réttlátan heim og réttlætingu kerfisins við skýringar og sök á efnahagshruninu stóðust. Tilgáta um að samband reiði við þátt siðferðisbresta minnki þegar tekið er tillit til réttlætunar kerfisins fékk ekki eins styrkan stuðning og ákjósanlegt hefði verið þar sem hún var marktæk miðað við 0,06 öryggismörk.

Samanburður við niðurstöður Leiser, Bourgeois-Gironde og Benita (2010). Leiser og félagar (2010) skoðuðu skýringar á undirliggjandi þáttum efnahagshrunsins í Frakklandi, Bandaríkjunum, Rússlandi, Þýskalandi, Ísrael og Afríku fyrir sunnan Sahara. Hér var þýddur og lagður fyrir spurningalisti þeirra um skýringar á efnahagshruninu. Leiser og félagar (2010) fengu út þrjá þætti. Þeim fyrsta svipar mjög til fyrsta þáttar þessarar rannsóknar en þau kalla hann mannlegan breyskleika (e. human frailty). Þó hlóðu sök kapítalískrar hugmyndafræði og alþjóðavæðing á þennan þátt en í þessari rannsókn var ákveðið að reikna þessar breytur ekki saman vegna þess að þær höfðu ekki viðeigandi áreiðanleika. Skortur á eftirliti, heimska, siðferðisbrestir, samæri og flækjustig hlóðu eins og hjá Leiser og félögum á þennan þátt.

Bjartsýni og hagfræði hlóðu líkt og hjá Leiser og félögum á þátt tvö en hringrás gerði það ekki. Þau kjósa að kalla þátt tvö sveigjanleika kerfisins (e. systemic resilience) en hér myndi þátturinn frekar vísa til skilnings og skiljanleika efnahagskerfisins, bjartsýni á að hagfræði sé skiljanleg og skipulögð; geti skýrt og spáð fyrir um efnahagshorfur og því eru horfurnar góðar. Sök kapítalískrar hugmyndafræði hlóð neikvætt á þáttinn þar sem hún er í samræmi við hugmyndir

um bjartsýni og útreiknanleika efnahagslífsins og þeir sem kenna hugmyndafræðinni um efnahagshrunið eru líklega hvorki bjartsýnir né hafa trú á hagfræði.

Hjá Leiser og félögum voru aðeins dregnir út þrjú þættir en hér voru þeir fjórir. Þriðji þáttur Leiser og félaga var afskiptaleysi og hér er sá þáttur fjórði þátturinn. Í rannsókn Leiser og félaga hlóð þáttur fjölmiðla ekki markvert á neinn þátt en í þessari rannsókn hleður hann á fjórða þáttinn með afskiptaleysi. Hugsanlega er það eins og áður sagði vegna þess að hugmyndafræði afskiptaleysis fór að miklu leyti fram í fjölmiðlum á árunum fyrir efnahagshrunið. Hringrás og alþjóðavæðing mynda þátt þrjú í þessari rannsókn. Hann gæti staðið fyrir sýn á efnahagskerfið sem eitthvað stórt og samhangandi kerfi sem umlykur efnahagslífið en einkennist af því að það er ekki beinlínis undir mannlegri stjórn.

Niðurstaða Leiser og félaga (2010) var að fólk vísaði annað hvort til mannlegra þátta þegar það skýrir efnahagshrunið, eða kerfislegra þátta. Niðurstaðan hér er í meginráttum sú sama þó kerfislegu þættirnir séu ekki eins skýrir. Fyrsti þátturinn skýrir mest af dreifninni og hann vísar greinilega til mannlegs breyskleika. Hinir þættirnir þrjú standa nokkuð vel saman fyrir kerfislega hluti og hugmyndafræði þess að kerfið sé skiljanlegt og skipulagt.

Sá klofningur í skýringum á efnahagshruninu í mannlega þætti og kerfislega kallast vel á við samspil reiði og réttlætningar kerfisins. Þeir sem vísa til mannlegra þátta við skýringar á efnahagshruninu upplifa frekar reiði þegar þeir hugsa um efnahagshrunið en eru síður líklegir til að réttlæta kerfið. Þeir sem aftur á móti réttlæta kerfið eru ólíklegri til að telja að kapítalísk hugmyndafræði eigi þátt í efnahagshruninu en þeir sem réttlæta kerfið ekki.

Sök aðila. Við þáttagreiningu á spurningum um hverjir ættu helst sök á efnahagshruninu voru dregnir voru út þrjú þættir og fyrsta þáttinn myndar sök útrásarvíkinga, bankastjóra viðskiptabankanna og ríkisstjórnarinnar árið 2003. Annan þáttinn myndar sök stjórnámálanna, fjármálaeftirlitsins, ríkisstjórnarinnar árið 2007 og selðabankastjóra. Þriðja þáttinn myndar svo sök forseta Íslands, almennings, fjölmiðla og starfsfólks banka. Áhugavert er að sakir þeirra tveggja ríkisstjórna sem spurt var um hlóðu á sinn hvorn þáttinn. Ríkisstjórnin árið 2003 hlóð á þátt með útrásarvíkingum og bankastjórum viðskiptabankanna en ríkisstjórnin árið 2007 hlóð á

þátt embættismanna. Líklegt er að þarna sjáist áhrif af umræðu um einkavæðingu bankanna og efnahagshrunið. Rætt hefur verið um að einkavæðingarferlið hafi verið grundvöllurinn fyrir því að efnahagsbólun myndast og efnahagshrunið varð. Einnig hefur því verið haldið fram að við fall bankakerfisins hafi löngu verið of seint að bregðast við (Rannsóknarskýrsla Alþingis, 2010, 8. bindi). Sök stjórnámamanna hlóð bæði á þátt útrásarvíkinga og embættismanna og skýrist það hugsanlega af því að útrásarvíkingar og bankamenn eru álitnir virkir gerendur í þenslu efnahagskerfisins en embættismenn (fjármálaeftirlitið og seðlabankastjórn) frekar eftirlitsaðilar sem ekki stóðu vaktina. Stjórnámamenn standa svo á milli þessara hópa með völd til að móta stefnu í efnahagsmálum og þeir bera ábyrgð á einkavæðingu bankanna. Um 56% þátttakenda sögðu stjórnála- og embættismenn og gerendur í efnahagskerfinu eiga jafna sök á efnahagshruninu. 39,5% sögðu gerendur í efnahagskerfinu eiga meiri sök.

Ekki var spurt á sama hátt um sök almennings en þriðja þáttinn mynda þeir sem ekki höfðu bein völd til að hafa áhrif á gang efnahagskerfisins. Áhugavert er að sök forseta Íslands hleður með sök þessara hópa en ekki hóps embættismanna. Þó er í Rannsóknarskýrslu Alþingis (2010) fjallað sérstaklega um þátt forsetans í útrásinni. Fjölmiðlar falla líka undir þennan þátt en unnin var sérstakur viðauki um þeirra þátt við Rannsóknarskýrslu Alþingis (2010). Þarna virðist því falla saman sök almennings og þeirra sem höfðu áhrif á umræðuna og hvernig hugmyndirnar um ímynd Íslendinga og útrásarinnar komu fram. Starfsfólk banka er vissulega illa skilgreindur hópur en hér var af forvitni þessum hópi stillt upp til að sjá hvort hann væri settur undir sama hatt og bankastjórnar og útrásarvíkingar en svo var ekki. Umræðan um að bankarnir hafi verið að „selja“ bankaviðskipti og þröngva lánnum upp á fólk virðist ekki koma fram í því að fólk telji starfsfólk banka bera sök (Rannsóknarskýrsla Alþingis, 2010).

Trú á réttlátan heim. Mjög skýrt jákvætt samband fannst við trú á réttlátan heim og trú á sakfellingu og bjartsýni um horfur í efnahagslífinu. Er það í góðu samræmi við tilgátur og forspár kenningarinnar um réttlátan heim. Trú á réttlátan heim fylgir bjartsýni um efnahagslífið í framtíðinni og því má ætla að trúin á réttlátan heim sé einhverskonar bjargræði fyrir fólk þegar það hugsar um efnahagshrunið. Það trúir því

að fólk hljóti það sem það á skilið og að sekir fari fyrir dóm og verði sakfelldir. Bjartsýnin hvílir því líklega á þeim hugmyndum sem kenningin byggir á að umhverfið sé skiljanlegt og undir stjórn og því veltur útkoman á því hvernig fólk hagar sér. Trú á réttlátan heim og bjartsýni byggja þannig á viljanum til að hegða sér vel og gera það sem er gott og rétt. Ekki er samband við trúna á réttlátan heim og vilja til draga stjórnámálamenn fyrir dóm. Aftur á móti er samband við það að trúa að sekir fari fyrir dóm. Ekki er heldur samband við sök stjórnámálamanna eða nokkurra annarra sem spurt var um og því er eins og trú á réttlátan heim veiti þá trú að sakfelling muni skila sér þangað sem hún á heima án vangaveltu um hver ber sök. Þá er áhugavert að ekki er samband milli þess að trúa á réttlátan heim og reiði eins og fyrri rannsóknir hafa sýnt fram á (Dalbert, 2002). Hugsanlega eru þeir sem trúa á réttlátan heim lítið að velta því fyrir sér hver beri sök heldur trúa því rólegir að góðir hlutir gerast hægt og allt fari vel að lokum.

Réttlætning kerfisins og reiði. Eins og áður sagði stóðust tilgátur um samband reiði og réttlætningu kerfisins við skýringar og upplifun á efnahagshruninu. Tilgáta um að þeir sem upplifa reiði þegar þeir hugsa um efnahagshrunið telji siðferðisbresti, heimsku, samsæri, stjórnámálamenn og útrásarvíkinga eiga meiri þátt í efnahagshruninu en þeir sem ekki upplifa reiði stóðst. Tilgáta um að þeir sem upplifa reiði séu líklegri til að telja að draga ætti stjórnámálamenn fyrir dóm og að þörf sé á að setja nýja stjórnarskrá, var einnig studd. Þá stóðst tilgáta um að þeir sem upplifa reiði þegar hugsað er um efnahagshrunið telji að almenningur og hringrás þenslu og samdráttar efnahagskerfisins hafi ekki átt þátt í efnahagshruninu. Tilgáta um að þeir sem réttlæta kerfið telji siðferðisbresti, heimsku, stjórnámálamenn, útrásarvíkinga og kapítalíska hugmyndafræði eiga minni þátt í efnahagshruninu en þeir sem ekki réttlæta kerfið stóðst. Tilgáta um að þeir sem réttlæta kerfið séu ólíklegri til að telja að draga ætti stjórnámálamenn fyrir dóm, að telja að um samsæri hafi verið að ræða og að þörf sé á að setja nýja stjórnarskrá, var einnig studd. Tilgáta um að þeir sem réttlæti kerfið segist vera minna reiðir þegar hugsað er um efnahagshrunið, stóðst. Loks stóðst tilgáta um að þeir sem réttlæti kerfið séu líklegri til að telja almenning eiga þátt í efnahagshruninu en þeir sem réttlæta það ekki.

Tilgátur um réttlætingu kerfisins og reiði voru að mestu leyti samhljóða að því mikilvæga atriði undanskildu að spáð var fyrir um að sambönd við reiði yrðu jákvæð en sambönd við réttlætingu kerfisins neikvæð og sú spá stóðst í öllum tilvikum. Þannig finna þeir sem réttlæta kerfið síður skýringar í mannlegum breyskleika eins og heimsku eða siðferðisbrestum og kenna hópum eins og stjórnámálönnum og útrásarvíkingum síður um á meðan þeir reiðu sjá sök í hverju horni og kenna öllum þessum þáttum um efnahagshrunið. Það er til samræmis við kenningar um reiði að fólk leiti að sök í umhverfinu þegar það upplifir óréttlæti og að öryggi þess sé ógnað (Berkowitz og Harmon-Jones, 2004). Það er einnig í samræmi við forspá kenningarinnar um réttlætingu kerfisins að upplifun á efnahagslegu áfalli brjótist út í reiði, en þó minni reiði hjá þeim sem réttlæta kerfið (Jost, Chaikalis-Pertritis, Abrams, Sidanus, van der Toorn og Bratt, 2012).

Þeir sem upplifa reiði eru líklegri til að vera ósammála því að hringrás þenslu og samdráttar hafi átt þátt í efnahagshruninu en þeir sem finna til minni reiði. Þannig kallast sú skoðun þeirra á við það að telja að mannlegir eiginleikar hafi átt þátt í efnahagshruninu. Þá eru það ekki óviðráðanlegir kerfislægir hlutir sem skýra efnahagshrunið heldur mannlegt vald sem farið var illa með. Þeir sem réttlæta kerfið eru líklegri til að vera ósammála því að kapítalísk hugmyndafræði eigi þátt í efnahagshruninu en þeir sem ekki réttlæta kerfið. Styður það vel þá forsendu sem hér var gefin að mælingin á réttlætingu kerfisins væri í samræmi við kapítalíska hugmyndafræði. Þá kallast þetta á við niðurstöður Leiser og féлага (2010) um að fólk vísi annað hvort til kerfislægra þátta eða mannlegra, þegar það skýrir efnahagshrunið.

Samsæriskenning er það kallað þegar stór og viðamikill atburður er skýrður með því að fámennur en valdamikill hópur stjórnari atburðarrásinni á bak við tjöldin (Schick og Vaughn, 2011, bls. 275). Samsæriskenningar byggja á þörf til að koma reglu á flókna og viðamikla atburði (Leman, 2003) og gera það sem er samhengislaust skiljanlegt og almennri tilhneigingu til að vantreysta og tortryggja (Goertzel, 1994). Því er ekki að undra að þeir sem segjast upplifa reiði þegar þeir hugsa um efnahagshrunið séu líklegri til að telja að um samsæri hafi verið að ræða en þeir sem finna til minni reiði og þeir sem réttlæti kerfið séu ólíklegri til að telja að um samsæri hafi verið að ræða. Það er þó áhugavert að þátttakendur voru að

meðaltali frekar sammála því að um samsæri hafi verið að ræða. Hér verður þó að taka fram að orðið samsæri kom hvergi fram í spurningalistanum heldur er hér túlkuð sú trú að telja matsaðila hafa gefið rangar upplýsingar, banka hvatt fólk til að taka óskynsamleg lán og að það hefði verið hægt að koma í veg fyrir efnahagshrunið hefði verið vilji fyrir því. Öll þessi atriði hafa verið í umræðunni (Rannsóknarskýrsla Alþingis, 2010, 8. bindi). Hér er ekki ætlunin að sá fræi samsæriskenninga um efnahagshrunið heldur að benda á hversu flóknar aðstæður fólk þarf að takast á við.

Þeir sem upplifa reiði telja almenning síður eiga sök á efnahagshruninu en það gera aftur á móti þeir sem réttlæta kerfið. Það virðist vera að trúin á að maður hafi áhrif á umhverfið með gjörðum sínum þannig að maður uppskeri eins og maður sái, verði til þess að þegar stór atburður eins og efnahagshrun, sem að öllum líkindum á sér margar orsakir og skýringar, gerist; þá verði upplifunin sú að *allir* beri sökina saman þar sem afleiðingarnar bitna á öllum. Það er til samræmis við forspá kenningarinnar um réttlætingu kerfisins að vilja kenna fólki sjálfu um aðstæðurnar sem það er í. Það er samt áhugavert að sambandið komi svo skýrt fram í gögnunum þar sem sök útrásarvíkinga og stjórnámálanna er alltumlykjandi í spurningalistanum. Svo og heimska, ófagmennska, sjálfelska og græðgi. Hugsanlega finnur fólk fyrir skömm með útrásarvíkingum. Ímynd Íslendinga hefur beðið hnekki og fólk finnur til samsektar með útrásarvíkingum og stjórnámálönnum. Þá virðist vera sem svo að réttlæting kerfisins veiti ekki aðeins bjargræði gegn reiði og neikvæðum tilfinningum eins og sýnt hefur verið fram á (Wakslak, Jost, Tyler og Chen, 2007) heldur dregur hún úr þörf fyrir að skýra hvar sök liggur og koma sekum fyrir dómstóla þegar atburður með eins afdrifaríkar og viðamiklar afleiðingar, og efnahagshrun, dynur yfir. Það kann að hljóma nokkuð undarlega að réttlæting kerfisins dragi úr þörfinni til að finna sök í ókerfislægum þáttum eins og heimsku og siðferðisbrestum en það er þó vel í samræmi við forspá kenningarinnar um róandi áhrif þess að búa við kerfi sem álitid er réttlátt. Jafnvel þó að hægt væri að verja kerfið með því að halda því fram að mannlegir eiginleikar hefðu orsakað efnahagshrunið en ekki kerfið sjálft þá fylgir réttlætingu kerfisins sú trú að breytni fólks bitni á því sjálfu og því minnkar þörfin fyrir að ásaka og dæma. Ef reiði er drifkarfturinn til þess að ásaka og dæma þegar fólki finnst það upplifa óréttlæti þá er eins og réttlæting kerfisins og sú ró og vissa sem fylgir henni um að heimurinn sé skipulegur og gjaldi líkum líkt, standi í vegi fyrir því að reiðin nái að blossa upp.

Hefur réttlæting kerfisins áhrif á samband reiði og sök siðferðisbresta? Af öllum þáttum sem spurt var um í þessari rannsókn er gætu hafa orsakað efnahagshrunið reyndist reiði hafa einna sterkast samband við það að telja siðferðisbresti eiga þátt í efnahagshruninu. Hér var sett fram tilgáta um að réttlæting kerfisins hefði áhrif á samband reiði og sök siðferðisbresta þannig að þegar tekið er tillit til réttlætingar kerfisins minnki samband reiði og sök siðferðisbresta. Tilgangurinn var að styrkja þær hugmyndir kenningarinnar að réttlæting kerfisins hafi róandi og sefandi áhrif með því að sýna fram á að réttlæting kerfisins geti haft áhrif á samband við reiði. Niðurstöðurnar voru til samræmis við kenninguna en voru þó rétt yfir þeim mörkum að teljast marktækar. Þó má ætla að hægt sé að finna þessu sambandi viðeigandi stuðning með endurtekningu á mælingunni. Niðurstöður Jost, Chaikalis-Pertritis, Abrams, Sidanus, van der Toorn og Bratt (2012), þar sem skoðað var samband reiði, réttlætingar kerfisins og viljans til að mótmæla, var sú að réttlæting kerfisins hafði áhrif á sambandið. Hér hafði reiði einnig sterkt samband við viljann til að draga fyrir dóm og setja nýja stjórnarskrá. Áhugavert hefði verið að skoða hvort réttlæting kerfisins hefur áhrif á þetta samband. Vilji til að dæma er að því leyti líkur viljanum til að mótmæla að um virka hegðun er að ræða. Niðurstöður ættu í það minnsta að hvetja til þess að skoða betur hvernig réttlæting kerfisins hefur áhrif á sambönd við reiði.

Hugleiðingar um stjórnmalapáttöku. Hugsanlega hafa þær breytingar sem urðu á stjórnmalum í lok síðustu aldar enn hert á vægi þeirra hugrænu ferla sem fá fólk til að finna rök til varnar kerfinu sem það býr við. Áður voru stjórnmalaflokkar augljósir hagsmunahópar og eðlilegt að fólk kysi einfaldlega eftir stöðu sinni í samfélaginu. Verkaþólk kaus verkalýðsflokka og yfirséttin kaus íhaldsflokka. En þegar stjórnmalaflokkar urðu að stórum breiðfylkingum og hættu að líta á sig sem baráttuöfl ákveðinna hagsmuna jókst áherslan á hugmyndafræði og flokkarnir fóru að leggja áherslu á að þeir ynnu eftir ákveðinni hugmyndafræði sem ætti að standa vörð um hagsmuni alls almennings (Gallagher, Laver og Mair, 2006). Orðræða stjórnmála snýst því ekki á þeim grundvelli um baráttu milli hagsmuna ákveðinna hópa heldur um hvers konar samfélagi fólk vill búa í. Á sama tíma eru hugmyndir um rökhyggna eiginhagsmunagæslu og samkeppni einstaklinga rótgrónar og það þykir

eðlileg krafa að fólk þekki hagsmuni sína og vinni í þeirra þágu (t.a.m. Rannsóknarnefnd Alþingis 2010, bls 180). Getur þá orðið nokkuð flókið fyrir almenning að finna sér stað í pólitík. Einnig er þá auðvelt að tortryggja stjórnámamenn sem alltaf segjast mæla fyrir hag almennings en andstæðingarnir véfengja vegna persónulegra hagsmuna stjórnámamannsins. Það er sem sagt bæði í gangi sú hugsun að allir sitji við sama borð og að stjórnvöld vinni að hag alls almennings en einnig kúra þær hugmyndir undir niðri að stjórnvöld séu fyrst og fermst í eiginhagsmunapotí eða vinni að hag ákveðins hóps sem sé þeim mikilvægur. Hugsanlega er einn klofningsþáttinn í stjórnámalum að finna í þessum mismunandi hugsunarhætti sem fólk hefur um stjórnám í dag. Sumir líta jákvæðum augum á þann hátt stjórnámala að þar fari fram átök um hugmyndir um hvernig hægt er að gera samfélag allra betra og þjóna hagsmunum almennings á meðan aðrir líta með tortryggni á stjórnámamenn og stjórnámalflokka sem hóp af fólkí sem vinni í raun aðeins í eigin þágu. Þannig kallast hugsunarháttur um stjórnám á við niðurstöður þessarar rannsóknar þar sem hinir tortryggnu eru reiðir en hinir sem eru jákvæðari í garð stjórnámala réttlæta kerfið og eru rólegri og trúa á réttlátan heim og eru bjartsýnni. Reiðin sem braust fram í búshaldabyltingunni var þannig hugsanlega ekki sterkust hjá þeim sem höfðu samsamað sig hinni kokhraustu sýn á Íslendinga sem athafnaskáld í útrás heldur hjá þeim sem höfðu efast og tortryggt velgengnina. Í fullkomlega rökhyggnum heimi hefði verið hægt að spá því að þeir sem trúðu mest á uppganginn hefðu átt að verða fyrir mestum vonbrigðum og þess vegna reiðast mest en hugsanlega hafa hugrænir ferlar sem lýsa sér með trú á réttlátan heim og réttlætingu kerfisins meiri áhrif á upplifun en rök gera ráð fyrir. Þeir sem aftur á móti voru tortryggir á uppganginn fengu við efnahagshrunið ausið olíu á eld bræðinnar sem logaði svo í Alþingisgarðinum. Hér verður þó að taka fram að hér var ekki skoðað hvernig fólk upplifði uppgang efnahagslífsins og verður því að taka þessum vangaveltum með þeim fyrirvara. Loks er rétt að áréttta að rannsóknin var gerð með smáu úrtaki sem strangt til tekið leyfir ekki alháefingu á allan almenning.

Mögulegt er að stjórnámalaþátttaka sem byggir á því að kjósendur finni sér stað í orðræðu um hvernig samfélagið getur orðið betra fyrir alla herði á samstöðu þjóðarinnar allrar og þjóðernislegri sjálfsmýnd fólkis. Þá verður minna svigrúm fyrir gagnrýni og átök í pólitískri umræðu. Það er líklega einn stærsti lærdómurinn sem

hægt er að draga af efnahagshruninu að umræðan verður að fá að vera opin fyrir átökum. Á árunum fyrir efnahagshrunið snérist umræðan hugsanlega of mikið um hvernig uppgangurinn í efnahagslífinu þjónaði öllum almenningi. Eins og kom fram í Rannsóknarskýrslu Alþingis var ekki mikið svigrúm til að gagnrýna útrásina og þensluna. Þegar við bættist að ógnin virtist koma utan úr heimi þegar fóru að birtast skýrslur um að ástand efnahagskerfisins á Íslandi væri kannski ekki eins gott og ásýndin gæfi til kynna stóð víkingaþjóðin keik með sínum mönnum. Hinir frjálsllegu, kraftmiklu og bjartsýnu Íslendingar ættu í það minnsta að hugsa sinn gang næst þegar fjölmiðlar eru sakaðir um að fjalla um málefni frá ekki nógu réttu sjónarhorni. Þegar þeir eru sakaðir um óþarfa hræðsluáróður þegar þeir reyna að fjalla um staðreyndir er hugsanlega mjög skýrt merki um meðvitundarleysi samfélagsins. (Rannsóknarskýrsla Alþingis, 2010, 8. bindi, bls 202).

Heimildir

- Baron, R. M. og Kenny, D. A. (1986). The moderator-mediator variable distinction in social psychological research: Conceptual, strategic, and statistical considerations. *Journal of Personality and Social Psychology*, 51, 1173-1182.
- Berkowitz, L. og Harmon-Jones, E. (2004). Toward an understanding of the determinants of anger. *Emotion*, 4, 107-130.
- Brown, H., Zijlstra, F. og Lyons, E. (2006). The psychological effects of organizational restructuring on nurses. *Journal of Advanced Nursing* 53(3), 344-357.
- Campbell, D., Carr, S., og MacLachlan, M. (2001). Attributing "third world poverty" in Australia and Malawi. *Journal of Applied Social Psychology*, 31, 409-430.
- Carver, C.S. og Harmon-Jones, E. (2009). Anger is an approach-related affect: evidence and implications. *Psychological Bulletin*, 135, 183-204.
- Dalbert, Claudia. (1999). The world is more just for me than generally: About the personal belief in a just world scale's validity. *Social Justice Research* 12(2), 79-98.
- Dalbert, Claudia. (2002). Beliefs in a just world as a buffer against anger. *Social Justice Research* 15(2), 123-145.
- Fong, C. (2001). Social preferences, self-interest, and the demand for redistribution. *Journal of Public Economics*, 82, 225-246.
- Forsætisráðuneyti. (2008). *Ímynd Íslands: styrkur staða, stefna*. Reykjavík: Forsætisráðuneyti. <http://www.forsaetisraduneyti.is/utgefid-efni/nr/2904>
- Fréttablaðið*. 2008. 30. september. http://timarit.is/view_page_init.jsp?pubId=108
- Furnham, Adrian. (2003). Belief in a just world: research progress over the past decade. *Personality and Individual Differences* 34, 795-817.
- Gallagher, M., Laver, M. og Mair, P. (2006). *Representative government in modern Europe: institutions, parties and governments* (4. útgáfa). New York: McGraw- Hill.
- Glick, P., og Fiske, S. T. (2001). An ambivalent alliance: Hostile and benevolent sexism as complementary justifications for gender inequality. *American Psychologist*, 56, 109-118.
- Goertzel, Ted. (1994). Belief in conspiracy theories. *Political Psychology*, 15, 731-742.
- Guðni Th. Jóhannesson. (2009). *Hrunið: Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar*. Reykjavík: JPV útgáfa.

- Gunnar Helgi Kristinsson. (1994). *Embættismenn og stjórnámálamenn: skipulag og vinnubrögð í íslenskri stjórnslu*. Reykjavík: Háskólaforlag Máls og menningar.
- Gylfi Dalmann Aðalsteinsson og Þórhallur Guðlaugsson. (2007). Íslensk fyrirtækjamenning: víkingar í viðskiptum. *Vísbending*, 42.
- Jost, J.T., Banaji, M. R. og Nosek, B.A. (2004). A decade of system justification theory: accumulated evidence of conscious and unconscious bolstering of the status quo. *Political Psychology* 25(6), 881-918.
- Jost, J. T., Blount, S., Pfeffer, J. og Hunyady, G. (2003). Fair market ideology: it's cognitive-motivational underpinnings. *Research in Organizational Behaviour* 25, 53-91.
- Jost, J. T., Chaikalis-Pertritis, Vagelis., Abrams, Dominic., Sidanus, Jim., van der Toorn, Jojanneke. og Bratt, Christopher. (2012). Why men (and women) do and don't rebel: effects of system justification on willingness to protest. *Personality and Social Psychology Bulletin* 38(2), 198-208.
- Jost, J. T. og Hunyady, O. (2002). The psychology of system justification and the palliative function of ideology. *European Review of Social Psychology*, 13, 111–153.
- Jost, J. T., Ledgerwood, A. og Hardin, C. D. (2007). Shared reality, system justification, and the relational basis of ideological beliefs. *Social and Personality Psychology Compass* 1 1-16.
- Jost, J. T., Liviatan, I., van der Toorn, J., Ledgerwood, A., Mandisodza, A., og Nosek, B. A. (2010). System justification: how do we know it's motivated? Í R. C. Bobocel, A. C. Kay, M. Zanna, og J. Olson (Ritsj.), *The psychology of justice and legitimacy: The Ontario symposium*, 11, 173-203.
- Jost, J. T., og Thompson, E. P. (2000). Group-based dominance and opposition to equality as independent predictors of self-esteem, ethnocentrism, and social policy attitudes among African Americans and European Americans. *Journal of Experimental Social Psychology*, 36, 209–232.
- Kosningavefur innanríkisráðuneytisins. 2011.
<http://www.kosning.is/thjodaratkvaedagreidslur2011/>
- Leiser, David, Bourgeois-Gironde og Benita, Rinat. (2010). Human foibles or systemic failure: lay perceptions of the 2008-2009 financial crisis. *The Journal of Socio-Economics*, 39, 132-141.
- Leman, Patrick. (2003). Who shot the president? A possible explanation for conspiracy theories. *Economist* 20, 74.

- Lipkus, I., Dalbert, C., og Siegler, I. (1996). The importance of distinguishing the belief in a just world for self versus others: implications for psychological well-being. *Personality and Social Psychology Bulletin*, 22, 666–677.
- Loo, Robert. (2002). Belief in a just world: support for independent just world and unjust world dimensions. *Personality and Individual Differences* 33(5), 703-711.
- Lög um ráðherraábyrgð nr. 4/1963 <http://www.althingi.is/lagas/137/1963004.html>
- Lög um embætti sérstaks saksóknara nr. 135/2008 <http://www.althingi.is/lagas/136b/2008135.html>
- Lög um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða nr. 142 / 2008 <http://www.althingi.is/altext/stjt/2008.142.html>
- Mbl.is.2009. http://www.mbl.is/frettir/innlent/2009/10/14/rannsoknarskyrslu_seinkar/
- Mbl.is. 2010. http://www.mbl.is/frettir/innlent/2010/01/12/vona_ad_skyrslan_verdi_tilbuin/
- Mankiw, Gregory N. og Taylor Mark P. (2008). *Economics*. London: Cengage Learning.
- Miller, D. T., og Ratner, R. K. (1998). The disparity between the actual and assumed power of selfinterest. *Journal of Personality and Social Psychology*, 74, 53–62.
- Nasser, Ramzi., Doumit, Jacqueline. og Carifio, James. (2011). Well-being and belief in a just world among rest home residents. *Social Behavior and Personality* 39(5), 655-670.
- Páll Hreinsson, Sigríður Benediksdóttir og Tryggvi Gunnarsson ritstj. (2010). *Rannsóknarskýrsla Alþingis*. Reykjavík: Rannsóknarnefnd Alþingis <http://rna.althingi.is/>
- Rankin, L. E., Jost, J.T. og Wakslak, C. J. (2009). System justification and the meaning of life: are the existential benefits of ideology distributed unequally across racial groups? *Social Justice Research* 22, 312-333.
- Ruv.is. 2012. <http://www.rokkland.ruv.is/frett/larus-og-gudmundur-neita-sok>
- Sigrún Davíðsdóttir. (2006). *Íslensk fyrirtæki á Norðurlöndum: aðferðir og orðspor*. Reykjavík: Útflutningsráð Íslands.
- Smith, C.A. og Ellsworth, P.C. (1985). Patterns of cognitive appraisal in emotion. *Journal of Personality and Social Psychology*, 48, 813-838.

Soper, D.S. (2012) "Sobel Test Calculator for the Significance of Mediation (Online Software)", <http://www.danielsoper.com/statcalc3>.

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944
<http://www.althingi.is/lagas/139a/1944033.html>

Tomaka, J., og Blascovich, J. (1994). Effects of justice beliefs on cognitive appraisal of subjective, physiological and behavioural responses to potential stress. *Journal of Personality and Social Psychology*, 67, 732–740.

Ünal-Karagüven, M. Hülya. (2009). Psychological impact of an economic crisis: a conservation of resources approach. *International Journal of Stress Management*, 16(3), 177-194.

Van der Toorn, J., Tyler, T. R. og Jost, T. J. (2011). More than fair: Outcome dependence, system justification, and the perceived legitimacy of authority figures. *Journal of Experimental Social Psychology* 47, 127-138.

Viðskiptaráð Íslands. (2006). *Viðskiptaþing: Ísland 2015*. Reykjavík: Viðskiptaráð Íslands.

Wakslak, C. J., Jost, J. T., Tyler, T. R., og Chen, E. S. (2007). Moral outrage mediates the dampening effect of system justification on support for redistributive social policies. *Psychological Science*, 18, 267-274.

Viðauki 1

Spurningar um skýringar á efnahagshruninu

Hve mikinn eða lítinn þátt telur þú að eftirfarandi hafi átt í efnahagshruninu?

1. Kapítalísk hugmyndafræði
2. Alþjóðavæðing
3. Siðferðislegir breistir á borð við sjálfselsku og skort á samkennd
4. Aðilar sem áttu hagsmuna að gæta tóku meðvitað ákvarðanir sem hrundu efnahagshruninu af stað
5. Græðgi lykilþátttakenda í efnahagslífinu
6. Umfjöllun fjölmiðla um efnahagsmál
7. Heimska og ófagmennska
8. Hjarðhegðun; allir hermdu hugsunarlaust upp eftir hver öðrum
9. Skammtímahugsun; ákvarðanir voru teknar án þess að huga að áhrifum þeirra í framtíðinni
10. Heimska þeirra stjórnámálanna sem tóku ákvarðanir
11. Skortur á fagmennsku þeirra stjórnámálanna sem tóku ákvarðanir
12. Skortur á reglum
13. Óábyrgt viðhorf ríkisins til efnahagsmála
14. Bankarnir hvöttu fólk til að taka óskynsamleg lán
15. Rangar upplýsingar frá áhrifamiklum matsaðilum
16. Efnahagskerfið í heild sinni varð stjórnlaust
17. Skortur á skilningi þeirra stjórnámálanna sem tóku ákvarðanir
18. Störf forseta Íslands
19. Peningastefna Seðlabanka Íslands

Kvarði: 1 = mjög mikinn þátt; 5 = mjög lítinn þátt

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?

1. Efnahagshrunið á sér vel skilgreindar skýringar, en efnahagskerfið er flókið og ástandið varð stjórnlaust
2. Það hefði verið hægt að koma í veg fyrir efnahagshrunið, hefði verið vilji

fyrir því

3. Efnahagshrunið er refsing fyrir alla þá sem höguðu málum sínum illa eða óskynsamlega árin fyrir hrun
4. Bönkum ætti að vera leyft að fara í þrot svo þeir starfi af meiri ábyrgð í framtíðinni
5. Efnahagskerfið er flókið kerfi og ef ákveðnar aðstæður koma upp mun ástandið versna í langan tíma
6. Spákaupmennska og fjármálagjörningar fengu of mikið rými á árunum fyrir hrun
7. Hagfræðingar skilja efnahagshrunið nógu vel til að geta rétt við efnahaginn
8. Siðferði viðskipta og fjármálalífsins mun verða betra eftir efnahagshrunið
9. Inngrip ríkisins er nauðsynlegt til að rétta við efnahagskerfið
10. Enginn hefði getað komið í veg fyrir efnahagshrunið vegna þess hve efnahagskerfið er flókið
11. Styðja ætti við banka í vandræðum vegna þess að gjaldþrot þeirra gæti haft slæmar afleiðingar fyrir almenning
12. Hægt er að segja til um hversu lengi kreppan mun vara
13. Efnahagskerfið getur rétt sig af sjálft, ekki er þörf á utanaðkomandi inngripi
14. Hægt er að spá fyrir um efnahagshorfur
15. Efnahagshrunið varð vegna eðlilegrar tilhneigingar efnahagskerfisins til að vera hringrás þenslu og samdráttar
16. Sérfræðingar geta skilið efnahagshrunið til fulls
17. Efnahagskerfið mun verða sterkara þegar það jafnar sig eftir efnahagshrunið

Kvarði: 1 = mjög sammála; 5 = mjög ósammála

Spurningar um sök aðila

Hve mikinn eða lítinn þátt áttu eftirfarandi í efnahagshruninu að þínu mati?

1. Fjölmíðlar
2. Stjórnámálamenn
3. Útrásarvíkingar

4. Seðlabankastjórar
5. Bankastjórar viðskiptabankanna
6. Starfsfólk banka
7. Ríkisstjórnin sem var við völd frá 2007 og fram yfir hrunið
8. Ríkisstjórnin sem var við völd þegar bankarnir voru einkavæddir árið 2003
9. Fjármálaeftirlitið
10. Almennigur
11. Forseti Íslands

Kvarði: 1 = mjög mikinn þátt; 5 = mjög lítinn þátt

Spurningar um tilfinningar

Ólíkt fólk upplifir ólíkar tilfinningar í tengslum við efnahagshrunið á Íslandi. Hversu illa eða vel lýsa eftirfarandi tilfinningar líðan þinni þegar þú hugsar um efnahagshrunið?

1. Áhugasemi
2. Ánægja
3. Bjartsýni
4. Depurð
5. Hræðsla
6. Kvíði
7. Óvissa
8. Reiði
9. Staðfesta
10. Stolt
11. Stress
12. Vonleysi

Kvarði: 1 = Á mjög illa við; 5 = Á mjög vel við

Trú á réttlátan heim

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?

1. Ég er viss um að réttlæti sigrar alltaf óréttlæti
2. Ég held að heimurinn sé í grundvallaratriðum réttlátur

3. Ég er sannfærð/ur um að til lengri tíma litið muni fólk fá bætt fyrir óréttlæti sem það verður fyrir
4. Ég trúir því staðfastlega að óréttlæti á öllum sviðum lífsins (t.d. fjölskyldu, stjórn mála og vinnu) sé frekar undantekning en regla
5. Ég trúir því að fólk hljóti það sem það á skilið
6. Ég held að fólk reyni að vera sanngjarnt þegar það tekur mikilvægar ákvarðanir

Kvarði: 1 = mjög sammála; 6 = mjög ósammála

Réttlæting kerfisins

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?

1. Leggi fólk hart að sér fær það nærri alltaf það sem það vill
2. Það eru margar ástæður fyrir því að telja efnahagskerfið óréttlátt*
3. Það er nánast ómögulegt að útrýma fátækt
4. Flestir sem komast ekki áfram ísamfélaginu geta sjálfum sér um kennt, þeir ættu ekki að kenna kerfinu um
5. Jöfn dreifing gæða er möguleg í okkar samfélagi*
6. Mismunur hagsældar í samfélaginu endurspeglar ólögmeta dreifingu gæðanna*
7. Mismunur í hagsæld fólks endurspeglar mismunandi frammistöðu þess
8. Ef fólk vildi, gæti það breytt hagkerfinu þannig að það yrði meira jafnræði á milli fólks*
9. Það þýðir ekkert að reyna að jafna tekjur

Kvarði: Algerlega ósammála 1---2---3---4---5---6---7---8---9 Algerlega sammála

*snúin

Spurningar um trú á sakfellingu

Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?

1. Það ætti að draga stjórnámamenn fyrir dóm til að skera úr um þátt þeirra í efnahagshruninu
2. Alþingi hefði átt að samþykkja að höfða mál á hendur öllum ráðherrunum sem samkvæmt Rannsóknarskýrslu Alþingis höfðu unnið tjón með gjörðum

eða aðgerðarleysi í störfum sínum

3. Ég trúi því að þeir sem bera sök á efnahagshruninu verði dregnir fyrir dóm

4. Ég trúi því að þeir sem bera sök á efnahagshruninu verði sakfelldir

5. Ég trúi því að þeir sem bera sök á efnahagshruninu verði sýknaðir

6. Til þess að enurreisn geti farið fram þarf að setja nýja stjórnarskrá

Kvarði: 1 = mjög sammála; 5 = mjög ósammála

Hverjir eiga, að þínu mati, meiri sök á efnahagshruninu; stjórnámálamenn og embættismenn stjórnsýslunnar eða aðrir gerendur í efnahagskerfinu til að mynda eigendur bankanna, bankastjórar og auðmenn í viðskiptum?

(a) Stjórnámálamenn og embættismenn

(b) Aðrir gerendur í efnahagskerfinu (eigendur bankanna, bankastjórar og auðmenn)

(c) Báðir hópar eiga jafna sök

(d) Hvorugur hópanna á sök

Bakgrunnsspurningar

Kaust þú í síðustu Alþingiskosningum?

Já

Nei

Ef þú svaraðir já við spurningunni að ofan, hvaða flokk kaustu í síðustu kosningum?

(a) Borgarahreyfinguna

(b) Framsóknarflokkinn

(c) Frjálslyndaflokkinn

(d) Lýðræðishreyfinguna

(e) Samfylkinguna

(f) Sjálfstæðisflokkinn

(g) Vinstri hreyfinguna grænt framboð

(h) Annað

(i) Skilaði auðu

(j) Vil ekki svara

Ef gengið væri til Alþingiskosninga í dag, hvaða flokk myndir þú kjósa?

- (a) Bjarta framtíð
 - (b) Framsóknarflokkinn
 - (c) Frjálslynda flokkinn
 - (d) Hægri græna
 - (e) Hreyfinguna
 - (f) Samfylkinguna
 - (g) Samstöðu
 - (h) Sjálfstæðisflokkinn
 - (i) Vinstri hreyfinguna grænt framboð
 - (j) Ég myndi skila auðu
 - (k) Veit ekki
 - (k) Vil ekki svara
- Annað framboð, hvað? _____

Ertu hlynnt/ur eða andvíg(ur) aðild Íslands að Evrópusambandinu?

- (a) Mjög hlynnt/ur
- (b) Frekar hlynnt/ur
- (c) Hvorki hlynnt/ur né andvíg/ur
- (d) Frekar angvíg/ur
- (e) Mjög andvíg/ur

Hvert er kyn þitt?

- Karl
- Kona

Hver er aldur þinn í árum?

Hvað eftirfarandi á best við um menntun þína?

- (a) Lauk grunnskólaprófi
- (b) Einhver framhaldsskólamenntun

- (c) Stúdentspróf
 - (d) Einhver háskólamenntun
 - (e) BA/BS próf
 - (f) MA/MS próf
- Ef önnur menntun þá hvaða? _____

Hefur þú einhverja hagfræðimenntun?

- (a) Já, grunnáfangi í grunn- eða framhaldsskóla
- (b) Já, grunnáfangi í háskóla
- (c) Já, háskólapróf í hagfræði
- (d) Já, annað
- (e) Nei

Telur þú þig hafa orðið persónulega fyrir beinum fjárhagslegum skaða við efnahagshrunið?

- (a) Já, miklum skaða
- (b) Já, frekar miklum skaða
- (c) Já, frekar litlum skaða
- (d) Já, mjög litlum skaða
- (e) Nei, ekki beinum skaða
- (f) Veit ekki

Viðauki 2

Fylgni allra breyta

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16
1. Reiði	1															
2. Réttlætning kerfisins	, -21**	1														
3. Trú á réttlátan heim	, -13	,20**	1													
4. Siðferði	,37**	, -26**	, -04	1												
5. Dómur, ný stjórnarsk.	,37**	, -39**	, -03	,45**	1											
6. Sök útrásarv. og fl.	,37**	, -46**	, -14	,53**	,49**	1										
7. Skortur á eftirliti	,32**	, -28**	, -03	,61**	,47**	,54**	1									
8. Heimska	,32**	, -19**	, -12	,59**	,41**	,47**	,55**	1								
9. Sök stjórn málam. og fl.	,29**	, -31**	, -11	,48**	,56**	,59**	,55**	,50**	1							
10. Hringrás	, -27**	,13	,16*	, -10	, -08	, -09	, -04	, -04	, -12	1						
11. Samsæri	,25**	, -29**	, -02	,57**	,37**	,46**	,78**	,48**	,54**	, -05	1					
12. Trú á sakfellingu	, -05	,16*	,43**	, -01	,05	, -01	,00	, -08	, -16*	,26**	, -02	1				
13. Bjartsýni	, -11	,16*	,49**	, -07	,02	, -04	,05	, -09	, -13	,16*	, -07	,30**	1			
14. Sök kapítal. hugmyndafr.	,15*	, -50**	, -19**	,35**	,38**	,36**	,25**	,32**	,32**	, -063	,15*	, -19*	, -09	1		
15. Trú á afskiptaleyfi	, -12	,18*	, -02	, -09	, -19*	, -10	, -21**	, -02	, -25**	,16*	, -12	,09	, -00	, -20**	1	
16. Sök almenn., fors., fjölm.	, -00	,07	, -07	,20**	,04	,12	,20**	,25**	,10	,12	,26**	,03	, -08	,09	,08	1
17. Sök almennings	, -22**	,20**	,10	, -01	, -22**	, -08	,03	,06	, -12	,16*	,06	,05	,06	, -06	,17*	,72**

*p < 0.05, **p < 0.01